

5.TBL. 2010

SKÝ



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelog.is

TAKTU SKÝ HEIM

VERD 850 KR.

ISSN 1608-9723



9 771608 972006

PÚKI EDA PRINSESSA?

LEIKKONAN OG ORKUBOLTINN NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR



SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Ljós lifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt. Hringdu í 570 3030 og bókaðu skyndikynni með makanum þínum.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT
FRÁ AÐEINS 21.030 KR.*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

EGILSSTAÐIR 1998

AKUREYRI 1995

ÍSAFJÖRÐUR 2000


EGILSSTAÐIR 2003

AKUREYRI 2006

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —



Þínar þarfir - okkar þjónusta.




VIÐ ERUM BÆÐI ÞJÓNUSTUDRIFIN OG SVEIGJANLEG

Komdu í hóp þúsunda ánægðra viðskiptavina um allt land.



*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.



EFNISYFIRLIT

- 6 Leiðari: Áramótaheitið.
- 8 Fróðleiksský.
- 10 Púki eða prinsessa?
Rætt við Nínu Dögg Filipusdóttur leikkonu.
- 18 Frjálsíþróttakonan
Helga Margrét Þorsteinsdóttir.
- 20 Glerártorg á Akureyri blómstrar.
- 22 Uppblásnar hugmyndir Íslendinga
um eigið ágæti.
- 26 Lady Gaga.
- 30 Bylting í meðferð geðsjúkra.
- 34 Valdamesta kona heims, Angela Merkel.
- 40 Kvikmyndastjarnan Charlie Sheen.
- 42 Kvikmyndir: Stuttfréttir.
- 44 Kynningarefni frá Flugfélagi Íslands.



NJÓTTU ÞESS AÐ VERA **AÐ HEIMAN**

Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa. Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.



HEIMAVÖRN



Áramótaheitið

Jólin eru oftast hátíð gleði og gjafa. Eftir áramót tekur alvara lífsins við þegar allir reyna að borga greiðslukortareikninginn og ná af sér jólahangikjötinu. Stjórnmalamenn stíga á stökk og ætla að draga úr útgjöldum ríkis og sveitarfélaga án þess að það komi við nokkurn mann. Margir eiga erfitt með að halda sín heit og þess vegna er sanngjarnt að *SKÝ* hjálpi lesendum sínum til þess að komast á sporið. Ritstjóri las ekki alls fyrr löngu grein um tíu einföld atriði til þess að grenna sig. Það er nóg að breyta smáatriðunum. Höfundur greinarinnar var 110 kíló í upphafi. Í lokin var hann 90 kíló. Það var enginn vandi. Í fyrsta lagi hafði hann áður fyrr alltaf drukkið tíu flöskur af kóki á dag (hann gat ekki um stærð). Hann hætti því og fór að drekka vatn í staðinn. Í öðru lagi hafði hann alltaf borðað heilan poka af flögum yfir sjónvarpinu. Núna borðar hann bara handfylli af flögum á hverju kvöldi. Ég man ekki atriði 3-10 en það var allt álíka einfalt. Með þessu móti náði hann að létta sig um 7 kíló. Hinum 13 segist hann hafa náð með því að æfa í líkamsræktarstöðinni tvo tíma á dag, sjö daga í viku. Flóknara var það nú ekki. Reyndar er auðvelt að benda á enn einfaldari leið, hann hefði til dæmis látið taka af sér annan fótinn. Miklu fljótvirkari aðferð. Og fóturinn kemur ekki aftur. Það er einmitt það sem margir kvarta undan að ístran geri. Undirritaður hefur hins vegar aldrei náð meira en 90 kílóum og þarf því ekkert að gera.

Aftur að áramótaheitum. Ég strengi árlega nokkur heit.

1. Ég ætla ekki að byrja að reykja á árinu. Ég hef aldrei reykt og 2011 verður ekki árið sem ég byrja.
2. Ég ætla ekki að auka kaffidrykkju á árinu. (Ég drekk ekki kaffi og hef ekki gert í sex ár. Tek reyndar einstaka bolla ef aðstæður krefjast. Byrjaði reyndar varla fyrr en 35 ára þannig að það var stutt sæla).
3. Ég ætla ekki að auka bjórdrykkju á árinu. (Sjá 2).
4. Ég ætla ekki að lesa Don Kíkóta á árinu. (Sjá 1).

Fjögur heit er ágætt. Auðvitað gæti ég bætt við einhverju um heilbriggt og gott lífverni en mér finnst áramótin ekki rétti tíminn til þess að hugsa um slíkt.

Benedikt Jóhannesson

Nýtt!

Nicorette® Whitemint

Dregið getur úr mislitun tanna þegar reykingum er hætt



Nicorette® Whitemint, mjúkt með mintubragði



Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagsskammtur nikótínlyfjatyggið er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



PÚKI EÐA PRINSESSA?

Leikkonan og orkuboltinn **Nína Dögg Filippusdóttir** fer flestra sinna ferða innanbæjar á hjóli. Kaldur vetrardagurinn breytir heldur engu þar um og hún blæs ekki úr nös þegar hún rennir rjóð og glaðleg í hlað eftir að hafa hjólað nánast bæjarendanna á milli til að hitta blaðamann Skýja.

TEXTI: **HELGA MÖLLER**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON OG MYNDIR ÚR EINKASAFNI**

Allir þekkjast til starfa hennar með Vesturporti, enda hefur velgengni leikhópsins heima og heiman vart farið fram hjá neinum Íslendingi. En hver er saga Nínu Daggar; hvaðan kemur hún, hvað varð til þess að hún valdi að verða leikkona og hver er sýn hennar á lífið?

BARNIÐ

Hamingjusamt barn.

„Ég var mjög hamingjusamt barn,“ byrjar hún, þegar hún hefur komið sér fyrir og fengið heitt kaffi í kroppinn. „Ég fékk alveg óendanlega mikið af ást og umhyggju alls staðar frá. Ég var samt slysabarn. Foreldrar mínir, Bylgja Scheving og Filippus Gunnar Arnason, voru mjög ung þegar ég fæddist; þannig að ég var ekki beint pöntuð, en mjög velkomin. Allavega hef ég aldrei fundið fyrir öðru, enda eru þau bæði frábær.“

Það slitnaði uppúr sambandi foreldranna þegar Nína Dögg var u.þ.b. tveggja ára og Filippus, eða Gunnar, eins og hann er kallaður, kvæntist Bjarneyju Sigurjónsdóttur þegar Nína var enn mjög ung. Fyrir átti Bjarney soninn

Sigurjón, eða Sjonna Brink, tónlistarmann, sem margir þekkjast, en hann hefur t.d. tekið þátt í undankeppni Júró-vísjón oftast en einu sinni. Nína lítur á hann sem bróður sinn, enda heimili föðurins og Bjarneyjar hennar annað heimili. „Eyja er yndisleg kona,“ segir Nína. „Og hún og pabbi eignuðust svo lítinn sólargeisla, Árna, en hann er kvikmyndagerðarmaður í dag. Við systkinin erum mjög náin og höfum oft unnið saman, sem er skemmtilegur bónus á systkinasambandið.“

Mæðgurnar bjuggu því tvær einar lengst af. „Mamma er algjör hetja,“ heldur Nína áfram. „Hún var alltaf að ströggla. Hún var bæði í vinnu og skóla, átti engan bíl og engan pening. En hún lét það samt ekki stoppa sig og fann alltaf upp á ýmsu skemmtilegu að gera. Um helgar á veturna vorum við komnar út klukkan níu á morgnana og fórum í rútu uppí Bláfjöll og renndum okkur á skíðum

Nína lítur á Sjonna Brink sem bróður sinn, enda heimili föður hennar og Bjarneyjar hennar annað heimili.



Nína Dögg með bræðrum sínum. Frá vinstri: Andri Snær, Sjonni og Árni.

allan daginn. Svo fórum við bara með rútunni aftur heim. Mamma var svo dugleg og kynnti mig fyrir svo mörgu skemmtilegu og frá henni hef ég bæði erfitt forvitnina og alla orkuna sem í mér býr.“ Nína brosir hlýlega. „Svo gaf mamma mér bróður þegar ég var átján ára og hann er litli prinsinn minn. Hann heitir Andri Snær, er átján ára og er í Menntaskólanum við Sund. Við höfum líka unnið saman, því hann lék son minn í myndinni Börn.“

Bernskuslóðirnar voru á nokkrum stöðum í Breiðholtinu, ýmist í Fellunum eða Bökkunum og bestu vinkonunum kynntist hún strax í leikskóla og á þær enn í dag.

„Við bjuggum við Dvergabakka í neðra Breiðholti þegar ég byrjaði í skóla og ég fór því í Breiðholtsskóla. En þegar mamma, sem er svo mikið náttúrubarn, vildi flytja aftur upp í Fell og í ystu blokkina í hverfinu til að fá fallega útsýnið yfir móana, Elliðaárnar og allt upp í Bláfjöll, varð ég ekki hrifin. Mig langaði ekkert að flytja og neitaði algjörlega að skipta um skóla. Ég vildi alls ekki missa sambandið við alla vini mína. Mamma sagði að þá yrði ég bara að fara í strætó í skólann á hverjum degi. Ekkert mál, sagði ég! Og það varð úr. Ég fékk ókeypiss strætómíða í skólanum og tók strætó í og úr skóla á hverjum degi.“ Minningarnar úr Breiðholtsskóla eru afar góðar. Aðeins um 45 krakkar voru í árgangi Nínu Daggar og því mikil nánd í hópnum. Sköpunargleðin var mikil og þau voru alltaf að búa eitthvað til og stofna eitthvað. Allir fengu að njóta sín og voru allt í öllu. Þau settu t.d. sjálf saman kóra og léku leikrit og andinn var góður. „Svo var ég í jazzballett, handbolta og blaki. Það var í nógu að snúast og þetta voru alveg frábærlega ár og góður vinahópur.“

En hvenær skyldi leiklistaráhuginn hafa kviknað?

„Ég held að hann hafi verið til staðar frekar lengi. Mamma hafði mikinn áhuga á leikhúsi og lék á tímabili með hópnum Svart og sykurlaust og líka með Stúdentaleikhúsinu og ég fékk að hanga með, svo ég fékk að kynna þessum heimi pinulítið. Svo lét hún peningaleysið ekki stoppa sig heldur fór líka oft með mig í leikhús. Hún keypti bara einn miða og sat með mig í fanginu. Það var allt í lagi til að byrja með, en þegar ég var orðin svona níu ára og næstum hærrí en mamma, sem er svoddan písl, fannst mér þetta orðið svona frekar vandræðalegt.“ Nína hlær við tilhugsunina. „Annars var móður-afi minn, Sigurgeir Scheving, mikill leikhúsmáður. Hann býr í Vestmannaeyjum og hefur mikið stjórnað leikhúsinu þar og líka leikstýrt úti á landi svo ég á ekki langt að sækja þetta.“

„Svo er Suðurskautslandið líka á óskalistanum því ef við komumst þangað, höfum við farið til allra heimsálfanna með sýningar.“

Þau Sjonni Brink voru dugleg að búa til leikrit heima hjá ömmu og afa, sem líka voru dugleg að fara með barnabörnin í leikhús. Ein leiksýning barnanna er þó Nínu minnisstæðari en aðrar. Þá hafði fjölskyldan farið í sumarhús til frændfólks og frænkan tók við stjórnvölum og úthlutaði krökkunum hlutverkum. Stóru krakkarnir fengu að segja einhverjar setningar í leikritinu, en Nína Dögg fékk bara það hlutverk að halda á spjalði; steinþegjandi. Hún varð alveg miður sín við þetta hlutskipti sitt.

Nú er gantast með það í fjölskyldunni að Nína hafi lagt leiklistina fyrir sig til að sýna frænku sinni hvað í henni býr. Hvað sem til er í því, þá hefur hún ótvírætt sýnt það rækilega og sannað að henni er vissulega trúandi fyrir setningu eða tveimur í leiksýningum.

UNGLINGURINN

Og árin liðu.

Þegar í Fjölbrautaskólann í Breiðholti kom segist Nína hafa verið feimin að stíga skrefið og taka þátt í sýningum nemendafélagsins. Auk þess hafði hún lítinn tíma af lögu því hún vann sem þjónn með náminu; lengst af á veitingahúsinu Horninu. En svo afred hún að láta vaða og komst þá fljótt að því að þetta var það sem hún vildi gera. Hún vildi verða leikkona.

Námið í Fjölbraut dróst á langinn því tvisvar tók Nína Dögg sér frí frá námi. Í fyrra skiptið ákváð hún að fara sem „au pair“ til Danmerkur. „Ég mætti þarna nítján ára með bókina „Unga stúlkan og eldhússtörfin“ undir hendinni,“ segir hún glottandi. „En ég vonaðist samt til að geta eytt miklum tíma með börnunum á heimilinu því ég hef svo gaman af börnum. Undir niðri var svo hugmyndin að fara í leiklistarskóla í Danmörku. En það fór öðruvísi því ég var sett í húsfreyjuhlutverkið á heimilinu og sá algjörlega um heimilshaldið fyrir fimm manna fjölskyldu og tvo hunda. Á morgnana útbjó ég morgunmat fyrir alla og eldaði svo, þvoði þvotta, gerði hreint, keypti inn og keyrði og sótti krakkana. Ef ég reyndi að hagræða verkunum svoltið til að eyða meiri tíma með krökkunum varð húsmóðirin óánægð, svo eftir hálf ár spurði ég sjálfa mig hvað ég væri eiginlega að gera þarna og hætti. Ég dreif mig bara aftur heim og á skólabekk í Fjölbraut.“

KÆRASTAN

Svo kynntist hún Gísla Erni Garðarsyni.

Þegar Nína var tvítug, var hún einu sinni sem oftast að vinna á veitingastaðnum Horninu og inn gekk Gísli Örn Garðarsson með vini sínum til að fá sér að borða.

„Ég þekkti reyndar Gísla fyrir,“ sagði Nína. „Ég mundi eftir honum úr Breiðholtsskóla, en hann var þar veturinn sem hann var níu ára, en flutti svo í Hlíðarnar. Þegar við stelpurnar úr Breiðholtinu fórum svo að kíkja í Tönabæ, svona tólf, þrettán ára gamlar, hafði ég líka hitt hann þar.“ Nína kímði. „Hann var svona krúttlegt nörd.“

En það var hreint ekki neitt krúttlegt nörd sem stóð þarna fyrir framan hana á gólfinu á Horninu, þessum árum síðar. „JÁ! hugsaði ég,“ segir Nína og lét hökuna síga, til að undirstrika hvað hún varð

hissa að sjá hvað hafði ræst úr Gísla, „og hjarta mitt tók kipp.“ Þau spjölluðu lengi saman, en hittust svo ekki aftur fyrr en um verslunarmannahelgina síðar um sumarið, þegar hvort um sig fékk að slást í hóp með vinum sem léku með Götuleikhúsinu og voru að fara í útlilegu í Þjórsárdalinn.

„Nei, hæ, sögðum við.“ Nína lýsir því þegar þau hittust. „Þú aftur! Og þarna kynntumst við vel og urðum rosa góðir vinir. En svo fór hann til Danmerkur þá um haustið til að læra íþróttfræði tengda fimleikum svo við fórum að skrifa á, bara svona sem vinir.“

Gísli færði sig síðan um set og fór til Noregs til að nema Vestur-Evrópufræði og áfram héldu bréfaskrifirnar allan veturinn. „Svo þegar hann kom heim næsta sumar, leið ekkert rosalangur tími þar til við kysstumst fyrsta kossinn,“ segir Nína brosandí og með glampa í augum.

Aftur fór Gísli utan, svo Nína ákváð enn að fresta náminu í Fjölbraut um hálf tveimur árum og því útskriftinni frá vori til jóla til þess að fara til Noregs og vera hjá honum. Þá var Gísli að setja upp Rocky Horror Picture Show með vinum sínum Sigurði Kaiser, Gottskálf Degi Sigurðarsyni, Birni Helgasyni, Raket Garðarsdóttur, systur Gísla, og fleiri Íslendingum, sem hjálpuðust að við uppsetninguna í félagi við heimamenn. Og Nína lét ekki sitt eftir liggja.

„Við bjuggum þarna öll saman í kommúnu, þrettán saman,“ sagði hún. „Gísli hafði dottið inn í leiklistarfélagið í skólanum og hafði verið að pródúsera þegar þessi hugmynd kom upp, að þeir myndu setja upp Rocky Horror, en þá hafði sýningin gengið vel heima á Íslandi. Þetta gekk mjög vel og var rosa skemmtilegur tími, en svo þurfti ég auðvitað að fara aftur heim og klára skólann. En eftir þetta ævintýri var ég alveg hundrað prósent staðráðin í því að sækja um í leiklistarskólann.“

Strax og heim kom dreif hún í að leggja inn umsóknina því hún vissi að næsta ár á eftir yrði ekki tekið á móti nýjum nemendum í skólann. Enda þótt Gísli legði líka inn umsókn, var hann ekki eins áhugasamur og Nína því honum hafði líkað vel að setja upp sýningar og var ekkert viss um að hann vildi vera í hlutverki leikara.

„Þetta var hjartans mál fyrir mig, en Gísli henti svona inn umsókn,“ útskýrði Nína. „en hann hafði aðallega áhyggjur af því hvað hann ætti að gera ef hann kæmist inn.“

Öllum er ljóst hver endirinn varð og við tóku fjögur skemmtileg ár í námi við Leiklistarskólann. Nína segir þau Gísla hafa verið sérlega heppin með bekkjarfélaga. „Þetta var góði bekkurinn,“ útskýrði hún. „Við vorum bara stillt og ekkert vesen á okkur. Auk okkar Gísla voru þetta þau Björn Hlynur Haraldsson og Víkingur Kristjánsson, sem eru með okkur í Vesturporti, en að auki þau Björgvin Franz Gíslason, Elma Lís Gunnarsdóttir, Lára Sveinsdóttir og Kristjana Skúladóttir.

Á sumrin unnu Nína og Gísli saman við ýmis verkefni og eitt sumarið fengu þau t.d. styrk til að gera heimildarmynd um ungt fólk og ákváðu að hafa hana um ungt fólk í Síberíu og fóru ásamt tveimur vinum með Síberíuhraðlestinni, sem fer milli Moskvu til Peking. Þetta var mikil ævintýraför. „Þetta er ein eftirminnilegasta ferð sem ég hef farið í,“ segir Nína. „Ég mæli með henni við þá sem ætla að gera eitthvað skemmtilegt í sumarfrúinu.“

LEIKKONAN

Rétt áður en að útskrift úr Leiklistarskólann kom fæddist hugmyndin að því að stofna Vesturport.

Nína útskýrir: „Þegar maður er í skóla hefur maður svo sterkar skoðanir á því hvernig allt á að vera og hugsar: Ég vil ekki verða svona eða hinsegin

leikari og ég vil breyta heiminum og allt það. Við sögðum við sjálf okkur að það væri svo létt að sitja bara og tala og tala, en framkvæma ekki neitt. Við horfðum líka upp á kollega okkar sem höfðu kannski útskrifað fimm til sjö árum áður og voru strax orðnir frústreraðir yfir því að fá ekki hlutverkið sem þá langaði í og þetta væri nú allt svona og hinsegin. Okkur fannst þetta svoltið skritið að vera ekki eldri í starfi en þetta og strax orðinn leiður á því að vera í leikhúsi. Getur það sem mann dreymir um að gera samt orðið leiðinlegt? Og þá fórum við að pæla og komumst að þeirri niðurstöðu að ef við gerðum þetta sjálf, á eigin forsendum, gætum við gert okkar til að halda sjálfum okkur ánægðum og búið til eigin tækifæri á listabrautinni.“

Björn Hlynur bjó á Vesturgötunni og einn morgun þegar þeir Gísli voru á gangi ráku þeir augun í auglýsingu um skúr til leigu í porti við Vesturgötuna. Það var ekki beðið boðanna heldur hóað saman vinum og kollegum og þeir spurðir hvort þeir vildu taka þátt í að stofna leikfélag. Markmiðið var að skapa grundvöll fyrir þau til að þróa sig sem listamenn og skyldu félagarnir aðstoða hver annan, vera gagnrýnir hver á annan og vera til staðar hver fyrir annan. Þetta var skemmtilegt samansafn af fólki úr ýmsum geirum, svo sem leikarar, tókumenn, tónlistarmenn, leikhúsfraeðingur (dramatúrg) og smiður.

Margir sögðu nei og sjá sjálfsgagt eftir því í dag. Þessu fylgdi auðvitað kostnaður og vó þar leigan á húsinu einna þyngst og margir töldu sig ekki hafa efni á því að vera með. Þegar upp var staðið urðu félagarnir þrettán talsins og leikfélagið Vesturport var stofnað. Þegar hinn vinsæli leikari Ingvar Sigurðsson féllst á að ganga í hópinn þótti þeim hinum, sem voru rétt að útskrifað, mikið til um það og fannst verkefnið þar með öðlast annað og meira vægi. Það var líka lærdómsríkt að hafa hann í hópnum, en hann var þá þegar orðinn einn viðurkenndasti leikari landsins, um tíu árum eldri en þau hin og hafði miklu að miðla.

„Við litum öll upp til Ingvars og máttum þetta mikils. Þetta var líka



Nína Dögg í hlutverki sínu í Faust.

góður skóli fyrir mig,“ segir Nína. Og hún heldur áfram, ákveðin: „Við megum ekki gleyma þessu. Nú eru til dæmis liðin tíu ár frá því að ég útskrifaðist og ég og fleiri ættum að taka Ingvar okkur til fyrirmyndar.“

Fyrsta sýningin sem Vesturport setti upp var Discopigs. Í framhaldinu settu þau upp nokkrar sýningar í viðbót í húsinu og leigðu salinn líka undir tónleika til að fá inn peninga. En það var í mörg horn að líta þegar reka á svona hús og misvinsæl verkefni sem fylgdu, svo sem að sjá til þess að aldrei vantaði klósettappír, eins og Nína lýsir glettin. En húsið var bara hundrað og þrjátíu fermetrar og brátt varð

Viðurkenningarnar hafa ekki látið á sér standa og í októberbyrjun var tilkynnt að Vesturport hlyti Evrópsku leiklistarverðlaunin fyrir verk sín í heild og verða þau afhent í St. Pétursborg í Rússlandi í apríl á næsta ári.

Það orðið of lítið fyrir sýningarnar og þær komnar annað. Því var ákveðið að best væri að losna við byrðina og kostnaðinn sem fylgdi rekstri hússins og leigunni sagt upp. „Það var eftirsjá í að kveðja litla húsið, en það var skynsamlegt,“ útskýrir hún.

Við tók ferli sem við þekkjum. Rómeó og Júlía var sett upp í Borgar-leikhúsinu. Gísli Örn hafði fastráðið sig þar strax að útskrift lokinni og gert samning við Guðjón Pedersen leikhússtjóra um að fá að setja eitt verkefni upp á ári á eigin forsendum, launalaust, utan föstu vinnunnar. Guðjón, sem hafði kennt þeim í leikskólanum, gerði sér grein fyrir eldmóðinum sem í hópnum bjó og reyndist þeim haukur í horni. „Hann er sjálfur mikill frumkvöðull og hugsjónamaður. Við munum aldrei gleyma því hvað hann hjálpaði okkur mikið.“

Undirbúningur að sýningunni um Rómeó og Júlía var langur. Allt sumarið fór í að æfa loftfímleikana og hópurnir fékk engin laun fyrir. „Við vorum öll að vinna annars staðar og sættum okkur við að fá bara prósentur af því sem kæmi inn á þeim sirka tólf sýningum sem við bjuggumst við að sýna verkið.“ Nína hlær við. „En svo fóru sýningarnar út um víðan völlum og nú eru þær að verða fjögurhundruð talsins og við höfum farið með þær til fjölmargra landa.“



Nína Dögg með dótturina Rákel Maríu.

Fleiri sýningar Vesturports sem fylgdu í kjölfarið voru líka settar upp í Borgarleikhúsinu og samstarfið hefur haldið áfram með nýjum leikhússtjóra, Magnúsi Geir Þórðarsyni.

Annars er allur heimurinn leiksvið Vesturports og hver leiksýning þeirra á fatur annarri hefur slegið í gegn. Hamskiptin, Woyzeck, Faust, auk kvikmynda eins og Börn og Foreldrar og nú síðast Brim, sem hópurnir setti fyrst upp á leiksviði.

„Já, okkur langar að fara með Brim til Grænlands,“ segir Nína kímín. „Okkur langar að koma þangað og höfum fengið bæði boð og styrk til að fara þangað. Nú þurfum við bara að finna tíma þegar allir komast.“ Hún hikar, en heldur svo áfram spök: „Svo er Suðurskautslandið líka á óskalistanum því ef við komumst þangað, höfum við farið til allra heimsálfanna með sýningar.“

Viðurkenningarnar hafa ekki látið á sér standa og í októberbyrjun

var tilkynnt að Vesturport hlyti Evrópsku leiklistarverðlaunin fyrir verk sín í heild og verða þau afhent í St. Pétursborg í Rússlandi í apríl á næsta ári. Þetta eru einhver virtustu verðlaun sem veitt eru í leikhúshéminum í Evrópu og margur heimsþekktur listamaðurinn hefur áður unnið til þeirra, svo sem Robert Lepage, Harold Pinter, Pina Bausch og Peter Brook.

Hópurinn var staddur í Danmörku í byrjun sumars þegar hringt var og spurt um Nínu Dögg. Í símanum var maður sem spurði hvort hún talaði frönsku. Nína neitaði því og skildi eiginlega ekkert af því sem maðurinn sagði næstu mínúturnar nema „you won - European prize - you happy? - St. Petersburg og April.“

„Þar sem ég skildi eiginlega ekkert hvaða verðlaun þetta voru og erfitt var að skilja manninn yfirleitt, það ég hann ítrekað að senda mér upplýsingar um þetta í tölvupósti, en hann spurði bara aftur og aftur: „You happy, you happy?“ Og ég reyndi að vera sem glaðlegust þegar ég játti því, þótt ég botnaði ekkert í þessu. Svo þegar ég lagði á spurðu strákarnir hver þetta hefði verið. Ég sagðist ekki vita það, en að við hefðum verið að vinna eitthvað hjá Evrópuráði í leikhúsi. Það varð svo smá gleði, en við það sat, þar sem við vissum eiginlega ekkert hvað þetta var. Við urðum svo að bíða ansi lengi eftir nánari skýringum sem bárust loks í tölvupósti og þá sáum við hversu merkileg verðlaun þetta eru. Og þá urðum við auðvitað rosalega glöð. Svo máttum við ekki segja frá þessu fyrr en 1. október, sem var erfitt, því þetta er svo mikill heiður.“

Það verður heilmikið umstang í kringum verðlaunaafhendinguna í Rússlandi í apríl. T.d. verða pallborðsumræður og hinn þekkti, breski leikhúsgagnrýnandi Michael Billington mun verða gestgjafi Vesturports. Hann kynnir verk þeirra og stjórnar pallborðsumræðunum um þau.

„Þarna verður líka fólk tengt leikhúsi hvaðanæva úr heiminum. Vesturport mun líka setja upp tvær sýningar á hátíðinni; Hamskiptin, sem Nína segir vera eina þroskuðustu sýningu hópsins, og Faust.“

„Það er rosamikill heiður fyrir okkur að vera með öllu þessu leikhúsfólki og fá þennan þekktu gagnrýnanda til að sjá um okkur. Við erum eiginlega alveg orðlaus yfir þessu öllu og finnst þetta ótrúlega gaman.“ Nína dregur andann djúpt.

MÓÐIRIN

Nína Dögg og Gísli Örn eiga dótturina Rákel Maríu sem verður fjögurra ára nú í desember.

Það hlýtur að vera svolítið þúsl fyrir leikara sem eru á þönum um allan heim að sinna líka foreldrahlutverkinu. „Það er svo skrítið að hérna á Íslandi hugsum við í minni kreðsu ekkert um það HVORT við eigum að eiga börn,“ segir Nína. „Það er engin spurning, heldur bara HVENÆR. Svo kemur náttúrulega spurningin um hvort við getum það, en aldrei hvort við eigum að velja karrier eða barneignir.“

Nína segir annað uppi á teningnum í leikarastétt úti, eins og t.d. í Bretlandi. „Við Gísli vorum að vinna með leikhópnum Kneehigh úti í Englandi í heilt ár frá tvöþúsund og átta til níu. Þetta var frekar stór hópur fólks, bæði leikarar og dansarar og mikið af stelpum á mínum aldri. Leikhópurinn ferðaðist með sýningarnar út um allan heim. Við Gísli vorum auðvitað með krúttíð okkar, sem var að verða tveggja ára

og tókum au-pair stúlku með okkur. Og þeim í leikhópnum fannst þetta bara alveg magnað að við ættum barn og værum bara þarna með barnið með okkur.“

Brátt sá hópurinn hvað þetta gekk auðveldlega. „Þetta er ekkert mál, útskýrði ég fyrir þeim,“ segir Nína. „Þú bara dröslar krakkanum þínum með hvert sem þú ferð og hann fær að taka þátt í ævintýrunum með þér.“ Hún hlær. „Og ég benti þeim á að þú tapar ekki neinu við að eiga barn heldur bara græðir. Móðurhlutverkið er líka flottasta hlutverkið sem maður fær á lífsleiðinni.“ Nína þagnar, en heldur svo áfram: „Þó að við lifum hálfgerðu sígaunalífi og hlutirnir séu kannski ekki í föstum skorðum, þá getum við alveg átt börn. Þetta verður bara þeirra líf líka. Kannski tapa þau einhverju, en þau græða líka heilmikið og þekka ekkert annað þegar þau alast upp við þetta.“


Í ljós kom að þótt þau væru sífellt á ferðalagi og stoppuðu aðeins um viku á hverjum stað, var Rákel María fljót að aðlagast þessu lífi, enda börn þekkt fyrir aðlögunarhæfni. „Það tók hana svona um þrjár mínútur að skanna íbúðina þegar við komum á nýjan stað og svo tilkynnti hún bara að hún þyrfti að pissa.“ Nína skellihlær, en heldur svo áfram: „Þegar mamma og pabbi eru alltaf með er öryggi í allri kaosinni, svo þetta verður allt í lagi.“

Nína segir þau hjónin líka heppin með að eiga stóra fjölskyldu sem hjálpar þeim. „Ég á líka stórkostlega tengdamömmu, Kolbrúnu Högnadóttur, sem hefur verið okkur innan handar frá því að Rákel María fæddist. Hún hefur ferðast með okkur í styttri sýningarferðir erlendis og passað hana hér heima líka. Þær eru æðislegar saman.“ Nína brosir. „Það eru forréttindi að eiga gott samband við afa og ömmu. Ég er sjálf heppin því ég á svo yndislega ömmu og afa, þau Sólveigu Guðlaugsdóttur og Árna Filippusson. Þau hafa verið kletturinn í lífi mínu alla tíð. Þau eru eiginlega svona aukaforeldrar, eða a.m.k. amma og afa þar excellence.“ Nína leggur áherslu á síðustu orðin. „Þau eru bestu vinir mínir og ég trúi þeim fyrir öllu. Þess vegna skiptir það mig miklu máli og gleður mig óendanlega að hún dóttir mín eigi svona yndislegt samband við ömmu Kollu.“

„Það koma álagspunktur og þar sem við Gísli vinnum mikið saman erum við oft bæði í burtu frá Rákel Maríu á sama tíma, en á móti nýtum við vel þann tíma sem okkur gefst með henni. Þetta er ekkert verra en hjá þeim sem hafa fastan vinnutíma og í dagvinnu, heldur bara öðruvísi, - örugglega bara eins og að vera í vaktavinnu.“

Nína segir þau líka dugleg að taka Rákel Maríu með í vinnuna og leyfa henni að sjá hvað þau séu að gera. Hún er því orðin alvön því að mamma bregði sér í hin og þessi gervi. „Mamma, hvað ertu í kvöld? spyr hún kannski.“ Nína setur barnslegan tón í röddina. „Etlarðu að vera þúki eða prinsessa?“

Og Nínu langar að eignast fleiri börn, en segir að ef það gerist ekki, þá eigi hún jú þegar stórkostlega, litla stelpu. „Ég hef fengið að upplifa það að vera mamma og er bara þakklát fyrir það.“ Hún þagnar svolitla stund, en heldur svo áfram: „Ég hef þekkt margar einstæðar mæður og



„Það er svo skrítið að hérna á Íslandi hugsum við í minni kreðsu ekkert um það hvort við eigum að eiga börn heldur bara hvenær.“

ólst upp sem dóttir einstæðrar móður sjálf. Mér finnst bara magnað hvað konur á Íslandi eru sterkar og hvað þær geta mikið. Og það er ekki sérhlífni í sekúndu. Það er eitthvað víkingalegt í okkur konum.“

En við konur getum samt ekki gert allt í einu og Nína verður að bíta í það súra epli að hún hefur ekki tíma til að eiga hest og sinna honum, en það langar hana mikið. „Mann langar svo margt,“ segir hún. „Mig langar líka að læra á gítar.“ Hún hlær. „Svo þarf maður auðvitað líka að hugsa um sjálfan sig og fara í leikfimi og í ræktina, en ég elska að fara á hestbak og skil eiginlega ekkert í því að allir skuli ekki vera í hestamennsku, það er svo stórkostlegt.“

Það gengur mjög vel í leikhúsinu í kreppunni og því eykst álagið á leikara. Sýningar eru stundum fimm til sex kvöld í viku og stundum er fleiri en ein sýning á kvöldi. „Svo æfum við á daginn,“ segir hún.

**FYRSTU HJÁLPAR
REMEDÍU PAKKI**

www.my-er.net



MY flight ER and MY travel ER:
Blöndur af hómópatískum remedíum, sem hægt er að nota sem bráðalaun fyrir ýmis vandamál sem geta komið upp.
Frábær ferðafélagi að taka með í flugið og ferðalögin
Söluastaðir: Fríhöfn Leifs Erikssonar og Reykjavíkurlflugvallar.
Um borð Iceland Express flugfélum.
Kaffiterían Reykjavíkurlflugvelli. Maður lifandi. Yggdrasil.
Ekki ætlað til lækningar eða meðhöndlun neinna sjúkdóma.
Ef um heilsufarsástand er að ræða ráðfærðu þig við lækni.



Nína og Gísli í hlutverkum sínum í Rómeó og Júlíu.

„Ég get bara ekki bætt á mig pressunni sem fylgir því að taka inn hest með öllu sem því fylgir, því þá er ég bara að búa til samviskubít einhvers staðar annars staðar.“ Hún dæsir.

Nína fær samt útrás fyrir hestamenskuna við og við því Gísli á hest og tengdafaðir hennar, Garðar Gíslason, á nokkra og hún fær afnot af þeim svo þau geta sinnt þessu áhugamáli saman. „Ísland er líka svo fallegt. Ég vildi hvergi annars staðar búa. Og að ríða út í þessu umhverfi í ofanálag gerir landið enn magnaðra.“

KONAN

„Mér finnst gaman alltaf skemmtilegra og skemmtilegra að vera til og ótrúlega gaman að eldast,“ segir Nína Dögg. „Ég finn samt alveg að lífið þyngist og upp koma alls konar hlutir sem maður var kannski ekkert að hugsa um þegar maður var tvítugur. En það fylgir því líka ákveðinn þroski og ákveðin ró og innsæi sem er gaman að rækta. Það eru endalaus verkefni á lífsleiðinni og þeim mun aldrei ljúka fyrir en maður fer héðan. Þetta eru alls kyns verkefni sem maður ræður ekkert við, en verður engu að síður að takast á við, eins og til dæmis veikindi, missi og alls konar uppákomur sem lífið færir manni.“

Nína Dögg er þrjátíu og sex ára, svo hún á eftir að safna í sarpinn mörgum verkefnum sem lífið réttir henni, ásamt reynslunni sem þeim fylgir.

„Mér finnst það að lifa og eldast vera áskorun,“ segir hún. „Það eru alls kyns verkefni sem maður þarf að leysa. Nú erum við farin að upplifa alls konar vanda sem við höfum ekki þurft að horfast í augu við fyrr, alveg eins og Árni Pétur, góður vinur minn og kollegi í Vesturportu

Þótt þau væru sífellt á ferðalagi og stoppuðu aðeins um viku á hverjum stað, var Rákel María fljót að aðlagast þessu lífi.

sagði mér fyrir löngu að maður færi að sjá uppúr þrjátíu til þrjátíu og fimm ára aldrinum, svo sem hverjir eiga í vandræðum með vín, skilnaðir og bara svona barátta við fólks sjálfíð sitt. Við erum bara að verða fullorðin og verðum að díla við lífið. Auðvitað vildi maður helst vera laus við margt af þessu, en svona er þetta bara og það kemur alltaf eitthvað nýtt og nýtt að glíma við. Og við þroskumst við hvert verkefni og fáum meiri innsýn og innsæi og það getum við í leikhúsinu nýtt okkur til að túlka í list okkar, því við eigum að vera spegill á lífið og opna augu fólks fyrir hlutum sem því þykir auðveldast að loka augunum fyrir eða yta frá sér.“ Nína hallar sér aftur í sætinu og dæsir. „Ég er eiginlega svona sósjal drama sökker.“ Hún hlær við.

Þessi eiginleiki hennar hefur sjálfsagt komið að notum þegar kvikmyndirnar BÖRN og FORELDRAR voru unnar. En fleiri verkefni af svipuðu tagi eru í farvatninu.

„Ég sá einu sinni grein í blaði um mæður í fangelsi og það kveikti áhuga minn og Unnar Aspar vinkonu minnar og kollega. Við vorum nýorðnar mæður þegar þetta var og því hreyfði þetta sjálfsagt enn meira við okkur en annars. Og við hugsuðum að auðvitað væru fullt af mæðrum í fangelsi og hvernig skyldi það vera og við hringdum strax uppí fangelsi og fengum að koma þangað og eyddum heilmiklum tíma þar og erum núna komnar vel á veg með hugmynd að verki um þessi mál. Þetta hafði rosa áhrif á okkur, nýbökðu mæðurnar, umvafðar bómull í hundrað og einum Reykjavík, labbandi upp og niður Laugavegin með litlu, sætu börnin okkar.“ Og hún heldur áfram: „Við eigum alltaf á hættu að lokast í eigin heimi og horfa ekki í kringum okkur, en við í mínu fagi eigum að víkka sjónvildarhring fólks með verkum okkar og þar með auka á umburðarlyndi og slá á fordóma. Það er partur af skyldu minni, finnst mér.“ Nína setur í brýnnar orðum sínum til áherslu. „Og ég finn að með auknum þroska er meira og meira gaman að takast á við svona lagað.“ Hún þagnar svolitla stund, en segir svo: „En svo hefur maður engan tíma í eitt eða neitt, það er svo mikið að gera. En það er bara jákvætt vandamál.“

Það er sannarlega ekki orðum aukið að mikið sé að gera hjá Nínu Dögg. Í desember fer Vesturport til New York til að sýna Hamskiptin og þar á eftir er förinni heitið til Þýskalands með Faust. Þar fyrir utan er Nína fastráðin við Borgarleikhúsið, leikur í Fjölskyldunni og er að æfa leikritið Elsku Barn. Í vor er svo í bígerð gamanleikurinn Húsmóðirin, sem Vesturport og Borgarleikhúsið setja upp saman.

Það er farið að rökkva og Nína lítur á klukkuna. Hún þarf að vera mætt á næsta stað innan stundar.

Þegar blaðamður fylgir henni til dyra, bætir hún við: „Sólveig amma mín er svo stórkostleg, hún var um fimmtugt þegar hún dreif sig í nám til Ameríku. Það var hún sem sagði að ég skyldi velja mér vinnu við það sem ég hefði gaman af að gera og stimplaði inn í mig að lífið verði bara betra og betra og skemmtilegra og skemmtilegra eftir því sem maður eldist. Og ég lít líka þannig á það. Að eldast verður bara gott og ein og ein hrukka er bara sjarmerandi.“

Nína Dögg spennir á sig hjálminn, vindur sér upp á hjólið og veifar glaðlega um leið og hún geysist af stað áleiðis í næsta verkefni. **SKÝ**

ÍSLENSK HÖNNUN



HITAVEITA

Gerð: **Elísabet**, mjög létt dúnúlpá fyrir dömur

Litir: **Svört, grá og rauð**

Fylling: **90% dúnn, 10% fiður**

Einnig til fyrir herra – gerð: **Elías**



WWW.CINTAMANI.IS

SPJARABU ÞIG



A G I N N N Ú M E R E I T T

HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR

TEXTI: SVAVA JÓNSDÓTTIR MYNDIR: GEIR ÓLAFSSON

Hún er afrekskona í námi og íþróttum. Hún náði besta árangri í heiminum í flokki 19 ára og yngri í sjöþraut árið 2009. Lenti í fimmta sæti í kjöri íþróttamanns ársins árið 2009. Og fékk brons á Heimsmeistaramóti unglunga 19 ára og yngri í sjöþraut í sumar.

Frjálsíþróttakonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir skartaði bronsmedalíu eftir að keppni í sjöþraut á Heimsmeistaramóti unglunga í Kanada í sumar. Stefnan er tekin á Ólympíuleikana árið 2012. Helga Margrét er frá Reykjum í Hrótafirði og hún fékk snemma áhuga á íþróttum; segist hafa byrjað að æfa skipulega og með markmiði í 5. bekk.

Hún segir systkini sín hafa verið góð í íþróttum. Hún leit upp til þeirra og vildi verða eins og þau. „Pabbi og mamma voru sjálf í íþróttum þannig að afreksmannahugsunin var mjög sterk á heimilinu.“

Hún fór að keppa á litlum barnaskólámótum eins og hún orðar það, þá tóku við héraðsmót og síðan var það Þristurinn þar sem keppend-

ur frá þremur sýslum kepptu sín á milli. Þá var það Goggi galvaski og loks meistaramót Íslands. „Þegar ég var komin þangað fór ég að setja mér markmið; ég setti upp lista um að ég yrði að komast fyrst á Evrópumeistaramót unglunga, svo heimsmeistaramót unglunga, þá á Evrópumót fullorðinna og svo á Ólympíuleikana. Ég keppti í sumar á Heimsmeistaramóti unglunga og Evrópumóti fullorðinna og stefni á Ólympíuleikana. Ég er nokkuð á áætlun eins og er.“ Helstu verðlaun og viðurkenningar: Brons á Heimsmeistaramóti unglunga 19 ára og yngri í sjöþraut í sumar. „Það var gaman að fara á pallinn og sjá íslenska fánann. Maður fær bara gæsahúð að rifja það upp.“ Silfurverðlaun á Evrópubikar í fjölþraut. Silfurverðlaun á sænska meistaramótinu í fimmþraut. Margfaldur Íslands- og bikarmeistari. Íslandsmethafi í sjöþraut utanhúss og fimmþraut innanhúss. Besti árangur í heiminum í flokki 19 ára og yngri í sjöþraut árið 2009. Fimmta sæti í kjöri íþróttamanns ársins árið 2009.

Til fyrirmyndar

Helga Margrét segir að það gefi sér mikið að vera í íþróttum. „Ég fæ að ferðast mikið og til landa sem mér hefði aldrei dottið í hug að ég ætti eftir að koma til. Ég kynnist fólki og finn að ég er orðin fyrirmynd.“

Helga Margrét gerir ráð fyrir að útskrifast frá náttúrufræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð í vor. Henni gengur vel í skóla; segist aldrei hafa fengið minna en 9,0 í þeim skóla

Mér finnst virkilega gaman að hitta krakka sem vita hver ég er og líta upp til mín. Þá legg ég upp úr því að vera fyrirmynd.“

Þegar Helga Margrét er spurð hvað einkenni einstaklinga sem eru fyrirmyndir segir hún: „Þeir þurfa að vera heilsteyptir, skynsamir og ætla sér ekki að gera of mikið. Þeir þurfa að læra af þeim sem eldri eru og reyna að lesa sér til um hluti. Agi er númer eitt og að hafa gaman af þessu.“

Helga Margrét gerir ráð fyrir að útskrifast frá náttúrufræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð í vor. Henni gengur vel í skóla; segist aldrei hafa fengið minna en 9,0 í þeim skóla. „Íþróttirnar eru númer eitt, tvö og þrjú núna.“ Venjulega æfir hún um sex sinnum í viku en þegar mest er, er um 12 æfingar að ræða í viku hverri. „Ég ætla að ákveða hvar ég æfi frjálsar og svo ætla ég að ákveða hvað ég vil læra. Heilbrigðisgeirinn heillar mig mikið.“

Hún er metnaðargjörn og þegar hún er spurð hvað það sé sem drífi hana áfram og af hverju hún vilji vera svona framarlega í íþróttum segir hún: „Það er spurning. Maður spyr sig stundum að því sjálfur af hverju maður sé að standa í þessu. Það er þessi tilfinning þegar maður nær markmiðum sínum. Þetta er vinna. Það skemmtilegasta sem ég geri er að vera á æfingum, keyra mig út og lifa heilbrigðu líferni. Þetta er í rauninni lífið sem ég vil lifa – að ferðast um allan heim, keppa og kynnast ótrúlega skemmtilegu fólki. Þetta eru svo mikil forréttindi. Þetta er þvilíkt tækifæri.“ **SKÝ**

HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR HELSTU VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR:

Brons á Heimsmeistaramóti unglunga 19 ára og yngri í sjöþraut í sumar. Silfurverðlaun á Evrópubikar í fjölþraut. Silfurverðlaun á sænska meistaramótinu í fimmþraut. Margfaldur Íslands- og bikarmeistari. Íslandsmethafi í sjöþraut utanhúss og fimmþraut innanhúss. Besti árangur í heiminum í flokki 19 ára og yngri í sjöþraut árið 2009. Fimmta sæti í kjöri íþróttamanns ársins árið 2009.

ENN FJÖLGAR VERSLUNUM Á GLERÁRTORGI



Glerártorg og verslanir í húsinu njóta þess að vel er gert í að markaðssetja Akureyri fyrir ferðafólk og líklega er það einnig sökum þess hversu vel hefur tekist til með Eyjafjarðarsvæðið og fólk hefur enn frekar tilefni til að koma til bæjarins.



Góður meðbyr

„Það er okkur mikið gleðiefni að nú fyrir árslok stefnir í að þeim áfanga verði náð að öll verslunarymi á Glerártorgi verði fullnýtt. Sem er mikill áfangi – ekki síst í ljósi þess mótbyrs sem verið hefur í þjóðfélaginu frá því við stækkuðum Glerártorg fyrir rúmum tveimur árum. Það sýnir um leið þann meðbyr sem Glerártorg hefur,“ segir Arnar Hallsson, rekstrarstjóri SMI ehf., eiganda Glerártorgs.

Verslun mikilvægur hluti orlofstíma

Að mati Arnars er talsverður munur á verslun á Akureyri og syðra: „Til dæmis er verslun mun meiri á Akureyri yfir sumartímann. Síðan sjáum við líka að vetrarmánuðirnir eru sterkir á Glerártorgi þegar fólk kemur til Akureyrar til að njóta skíða og útivistar, menningarviðburða og annarra hluta sem laða gesti til bæjarins. Verslun er jú einnig mikilvægur hluti af orlofstíma fólks og í þeirri meðvitundu ákvörðun að styrkja Eyjafjarðarsvæðið sem verslunar- og þjónustusvæði þá held ég að Glerártorg spili þar mun stærra hlutverk en margir gera sér grein fyrir.“



Enn fjölga verslunum og gestum á Glerártorgi

„Nú þegar verslunum hefur fjölgað á Glerártorgi, þær eru nú ríflega 40 talsins, fjölga gestum enn frekar. Gestafjöldinn á árinu 2010 verður mjög nálægt tveimur milljónum. Verslanir Glerártorgs eru fjölbreyttar og þar er boðið upp á glæsilegt vöru- og þjónustuúrval. Á Glerártorgi má til dæmis finna tískuvörur, raftæki, búsaðhöld og matvöru auk margs konar gjafavöru og veitinga. Það er vægt til orða tekið að við séum ánægð með þennan árangur. Við erum mjög stolt af verkefninu, ánægð með útlit hússins, andrúmsloftið innanhúss, samstarf við verslanir og aðra sem við höfum starfað með í uppbyggingu Glerártorgs.“

„Síðan sjáum við líka að vetrarmánuðirnir eru sterkir á Glerártorgi þegar fólk kemur til Akureyrar til að njóta skíða og útivistar.“



GLERÁRTORG



Íslensk náttúra – íslenskur matur – íslensk upplifun – upplifðu LAVA



LAVA
bar &
restaurant

Borðapantanir í síma 420-8815 | www.bluelagoon.is



Uppblásnar hugmyndir íslendinga um eigið ágæti

Hér fljóttum VÉR EPLIN

TEXTI: PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON

Eru Íslendingar fórnarlamb ranghugmynda um stöðu sína og mikilvægi í alheiminum? Hér verða rifjaðar upp nokkrar hugmyndir sem Íslendingar hafa haft og hafa ef til vill enn um mikilvægi og stöðu lands og þjóðar í heiminum.

Hér fljóttum vér eplin, sögðu hrossataðskögglnir. Þetta er fornt hnyttirði eða spakmæli sem er oftast notað um þá sem hafa uppblásnar hugmyndir um eigið ágæti. Augljóst má vera að hrossataðsköggul sem heldur sig epli er fórnarlamb ranghugmynda um stöðu sína og mikilvægi í alheiminum. En slíkt er ekki aðeins hlutskipti taðköggla heldur getur hent heilar þjóðir. Til dæmis Ísland, svo nærtækt dæmi sé nefnt. Í þessari grein verða rifjaðar upp nokkrar hugmyndir sem Íslendingar hafa haft og hafa ef til vill enn um mikilvægi og stöðu lands og þjóðar í heiminum. Eru þær byggðar á raunhæfu mati á framlagi voru til velferðar og framfara í mannkynssögunni eða eru þær kannski ranghugmyndir og blekkingar sem afskekkt þjóð á ystu nesjum hefur ornað sér við í langvinnu myrkri og kulda? Í stuttu máli: Hvort erum við epli eða hrossataðskögglar?

Ísland er miðja heimsins

„Auðvitað er alveg sérstök guðsgjöf og náðargáfa að vera Þingeyingur,“ heyrði ég eitt sinn virtan prófessor segja í sjötugsafmæli kollega síns. Svo bætti hann við: „Öðrum til huggunar skal þess getið að það er ekki átakanleg niðurlægning að vera það ekki.“

Altalað er á Íslandi að það sé alveg sérstaklega gott – ef ekki beinlins guðsgjöf að vera Íslendingur. Hér búi friðsöm menningarþjóð sem aldrei hafi í stríð farið og því mæti Íslendingar skilningi og addáun hvar sem farið er á hnettinum. Þess vegna sé sérlega gott að hafa íslenskt vegabréf því það sé í augum heimsins líkt og friðarflagg og opni dyr sem öðrum séu lokaðar. Nú er auðvitað rétt að taka fram að eftir bankahrun kann þessi hugmynd að hafa misst nokkurt fylgi hér innanlands.

Ekki þarf að fara langt í hinum stóra heimi áður en maður fer almennt að ferðast meðal fólks sem hefur ekki hugmynd um tilvist Íslands.



ÍSLENSKAR KONUR ERU ÞÆR FEGURSTU Í HEIMI

Stundum er því haldið fram að hér hafi ræktast upp svo fágæt kvenleg feegurð að engin dæmi séu um annað eins.

Kunnátta í landafræði heimsins virðist ekki útbreiddari en svo að margir hafa ekki hugmynd um að Ísland sé til og þar af leiðandi ekki hugmynd um vægi þess og stöðu í alheiminum.

Sá sem þetta ritar hefur oft hitt landamæra-verði sem voru vissir um að á vegabréfinu ætti að standa Írland en ekki Ísland og mótmæli vegabréfshafa og upphrópanir um að víst væri Ísland til kölluðu aðeins fram umburðarlyndislegt bros. Samskonar bros setja Íslendingar oft upp þegar þeir hitta fólk sem heldur að hér búi Eskimóar í snjóhúsum. Okkur finnst þetta fyndið en nennum varla að leiðrétta svo stórkostlegan misskilning eða standa í þeirri endurmenntun sem þarf til að uppræta hann.

Sennilega er hlutfall þeirra jarðarbúa sem vita að Ísland er til afar lágt. Okkar næstu nágrannar

kannast vel við okkur og það elur eflaust á þeirri heimsmiðjuhugmynd sem margir virðast hafa um Ísland.

Ísland er hernaðarlega mikilvægt

Áður en heimsstyrjöldin seinni skall á minnst aldrei nokkur maður á hernaðarlegt mikilvægi Íslands. Í þeim mikla hildarleik varð landið um tíma mikilvægur áningarstaður skipalesta sem fluttu vistir og hergögn austur til Rússlands. Ennfremur var það augljóslega góður staður til að geyma eldsneyti á og millilenda flugvélum og varð þess vegna afskaplega hernaðarlega mikilvægt. Eftir stríðið hófst það sem síðar hefur verið kallað *Kalda stríðið* í sögubókum og þarf ekki sérstaklega að fjölyrða um það. Amerísk herstöð var sett upp í Keflavík og daglega fóru

þaðan hraðflýgar herpotur amerískar og mættu sovéskum klunnalegum flugvélum einhvers staðar fyrir austan land og flugu samsíða þeim og tóku myndir sem birtust í Morgunblaðinu. Þjóðin sá myndirnar og fylltist öryggi því verndararnir stóðu sína plikt. Ameríska herstöðin var mikilvæg vegna þess að Ísland var ákaflega mikilvægt hernaðarlega og gott ef það var ekki kallaður útvörður hins vestræna heims.

Svo lauk Kalda stríðinu og Ísland hætti að vera hernaðarlega mikilvægt. Um síðir stóðu svo Amerikanar upp og fóru þótt íslenskir ráðamenn reyndu eftir megni að hindra brottför þeirra. Um svipað leyti varð mörgum Íslendingum ljóst að hugmyndin um hernaðarlegt mikilvægi landsins var flokkuð með ranghugmyndum.

Íslenskar konur eru þær fegurstu í heimi

Stundum er því haldið fram að hér í einangruðu fásinninu hafi ræktast upp svo fágæt kvenleg feegurð að engin dæmi séu um annað eins. Þessu til staðfestingar er bent á tíða sigra íslenskra kvenna í alþjóðlegum fegurðarsamkeppnum og almenna velgengni þeirra á því sviði. Sú samanburðarfræði er langt frá því að vera traust og er líklega aðeins samanburðarhæf við fréttir af fólki sem verður lostið af eldingum oftar en einu sinni á ævinni og lifir af.

Ferðamenn sem hingað komu á nítjándu öldinni láta þess flestir getið hvað Íslendingar séu að jafnaði ófríðir og sumir ganga svo langt að segja að íslenskar konur séu með þeim ófrýnustu sem þeir hafi nokkru sinni séð. Vera kann að gríðarlegur óþrifnaður Íslendinga hafi komið í veg fyrir að náttúruleg feegurð innfæddra blasti við, en sóðaskapur virðist að jafnaði hafa vakið miklu meiri athygli og óhug en flest annað. Nú er auðvitað ekki útilokað að fegurð íslenskra kvenna hafi tekið stökkbreytingum á síðustu hundrað árum eða svo, en telja verður það frekar ólíklegt. Feegurð er illmælanlegt fyrirbæri og er einkum að finna í augum sjáandans og hefur svo alltaf verið. Aðalatriðið er sem fyrr að Íslendingar hrífast af íslenskum konum og konur af körlum. Hér eftir sem hingað til getum við látið okkur alþjóðlegan samanburð í léttu rúmi liggja enda er hann okkur ekki sérlega hagstæður.

Björk, Sigurrós og Ólafur Elíasson hafa komið Íslandi á kortið

Síðasta áratuginn eða svo hefur oft verið fjallað um þann hróður Íslands sem listamenn á borð við Björk Guðmundsdóttur, Hljómsveitina Sigurrós og myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson hafa borið til fjarlægustu horna heimsins. Oft er látið í veðri vaka að væri ekki fyrir framlag og frægð þessara listamanna væri ferðamannastraumur til



landsins merkjanlega minni og snöggtum færri legðu leið sína hingað.

Hér skal alls ekki gert lítið úr því að list þeirra sem hér eru nefndir og margra fleiri hefur getið þeim gott orð víða um heim. Í fjarlægum löndum er nafn Bjarkar oft það eina sem heimamenn hafa heyrt nefnt í tengslum við Ísland. En sennilega getur hver og einn lítið í eigin barm og sannfærst um að fátítt er að menn leggi á sig ferðalag til heimalands tónlistarmanns sem hrifur þá. Hér skal þó ekki horft framhjá því að bæði Liverpool og Salzburg hafa í seinni tíð laðað til sín pílgríma á nákvæmlega þessum forsendum.

Ef erlendir ferðamenn á Íslandi eru spurðir – eins og oft er gert – þá svara rúmlega 80% þeirra því til að íslensk náttúra sé helsta aðdráttaraflíð og ástæðan fyrir heimsókn þeirra. Þeir eru sem-sagt hingað komnir til að skoða hraun, fossa og eyðisanda en ekki til að hitta Björk á Boston og syngja með henni *Venus as a boy* eða einhvern hennar fjölmörgu slagara.

Sá hluti heimsbyggðarinnar sem þekkir Ólaf Eliasson telur – með réttu – að hann sé danskur listamaður eða þýskur enda starfar hann að

mestu í þessum tveimur löndum. Auðvitað verður íslenskur uppruni hans aldrei þveginn af honum en um hann vita afar fáir.

Íslendingar eru hraustari en almennt gengur og gerist

Á þeim árum sem Jón Páll Sigmarrson var óumdeilt sterkasti maður heims hafa sennilega margir trúað því að það væri ekkert undarlegt að hann væri það. Margir létu á þeim árum í ljósi það álit að át Jóns Páls á rammíslenskum mat eins og feitu kindakjöti, ferskum fiski og hráum svartflugleggjum og lýsi hefði gert hann að heljarmenni. Til grundvallar lá sú skoðun að heimsbyggðin gæti vel lært af þessu hollt mataræði sem gerði veimiltitur að heljarmenninum. Svo dó Jón Páll langt fyrir aldur fram og síðan hafa fleiri íslensk heljarmenni fengið fyrir hjartað og enginn reynir lengur að halda því fram að íslenskt mataræði sé einstaklega vel til þess fallið að bæta heilsu og krafta heimsbyggðarinnar. Íslensk þjóð mælist meðal feitustu þjóða heims og virðist ekkert lát á þyngdaraukningu og við virðumst því ekki sú fyrirmynd í þeim efnum sem áður var talið.

Efnahagslögmál gilda ekki á Íslandi

Ef mig brestur ekki minni þá var það Steingrímur Hermannsson framsóknarjöfur sem hélt því fram að efnahagslögmál giltu ekki á Íslandi. Sennilega

var þetta sagt um svipað leyti og hér var 130% verðbólga sem Steingrími og félögum hans gekk fremur illa að ráða við.

Þótt einhverjir hafi kannski trúað Steingrími þegar hann sagði þetta – og hann sjálfur ef til vill þar á meðal – eru menn almennt búnir að átta sig á því að íslenskt efnahagslíf er ekki undanþegið sömu öflum og stjórnar öðrum hagkerfum heimsins.

Íslendingar eru snillingar í viðskiptum

Sennilega hefur engin ranghugmynd Íslendinga um eigið ágæti og snilligáfu brotlent eins harkalega og sú hugmynd að íslenskir fjármálamenn væru gæddir einhverri sérstakri náðargáfu sem gerði þeim kleift að hagnast þegar aðrir töpuðu og sjá tækifæri þar sem aðrir sáu aðeins tap.

Á árunum 2005 til 2008 virtust margir mætir menn á Íslandi trúa því að áður óþekkt snilligáfa á sviði viðskipta skipaði íslenskum fjármálagörpum í fremstu röð á þessu sviði í heiminum. Hér væri hægt að vitna í hástemmdar ræður forseta Íslands við ýmis tækifæri. Haft er fyrir satt að flíssað hafi verið bakvið servíettur þegar forseti vor tók flugið og básunaði snilli víkinganna sem væru að leggja undir sig heiminn nú rétt eins

og til forna. Gott ef hann vitnaði ekki einhvern tímunn í hina fornfrægu hljómsveit Bachman Turner Overdrive og sagði: *You ain't seen nothin' yet. OOOhhh baby you just ain't seen nothin' yet.* Ekki þarf að rifja upp fyrir neinum sem þetta les að þessi hugmynd reyndist alröng. Íslendingar reyndust ekki búa yfir neinni þeirri snilli í viðskiptum sem skipti neinu máli fyrir framgang þeirra á heimsvísu. Þvert á móti varð skammsýni þeirra og fákunnátta mörgum erlendum bankamönnum undrunarefni.

Hugsanlega mætti þó halda því fram að heimurinn hafi lært eitthvað af stórbrotu hrúni íslenska fjármálakerfisins haustið 2008 og sú lexía sé framlag Íslands til fjármálaheimsins. En sjálfsagt finnst flestum þessháttar vangaveltur óþarfur ef ekki ósmekklegur gálghúmor.

Kanntu annan?

Sennilega eru uppblásnar hugmyndir um vægi Íslands og Íslendinga í alheiminum og samfélagi þjóðanna langt frá því að vera séríslenskt eisdæmi. Þeir sem hafa asklok fyrir himin hvar á hnettinum sem þeir búa eru líklega haldnir svipuðum ranghugmyndum. Ég gæti best trúað að hugmyndir af þessu tagi séu eitt af því sem eyjar-skeggjar utan alfaraleiðar eiga sameiginlegt. SKÝ

ÍSLAND ER HERNADARLEGA MIKILVÆGT

Áður en heimsstyrjöldin seinni skall á minnst aldrei nokkur maður á hernaðarlegt mikilvægi Íslands.

Siglfirsku
aplarnir bjóða upp á
allt sem skíðamaðurinn
þarfnast alpa-bretta og
fjallaskíðun, gistingar og
veitingar við allar hæfi
50 mín frá Akureyri

Velkomin í fjallabyggð
skard.fjallabyggd.is

Skíðasvæði Fjallabyggðar
Siglfirsku Alparnir

Skíðavetur á Dalvík! Verið velkomin!

Upplýsingar um opnunartíma og aðra þjónustu á www.skidalvik.is og www.dalvik.is.

Fjöldi laga Lady Gaga hefur náð á topp tíu lista í fjölmörgum löndum, en meðal smáskífa hennar eru t.d. *Just Dance*, *Love Game*, *Paparazzi*, *Bad Romance*, *Telephone*, *Alejandro* og *Poker Face*.

TEXTI: HELGA MÖLLER

LADY GAGA: „TAKK, LITLU SKRÍMSLI“

Bandaríska söngkonan **Lady Gaga** er orðin ein þekktasta og vinsælasta poppsöngkonan í dag. Hún hefur selt milljónir platna um gjörvallan heim og er hún talin koma næst á eftir Oprah í ríkisdæmi kvenna árið 2010. Við aðdáendur sína segir hún: „Takk, litlu skrímsli.“

Bandaríska söngkonan Lady Gaga er orðin ein þekktasta og vinsælasta poppsöngkonan í dag.

Hún er engu að síður afar umdeild, enda storkar hún fólki bæði með útliti sínu og framkomu. Ýkt augnmálningin, ýmist kolsvart, snjóhvítt eða heidgult litað hárið, þröngur, efnislítill fatnaðurinn og furðuleg uppátæki hennar gera það að verkum að segja má að Lady Gaga virki oft alveg „ga ga“.

Plöturnar hennar hafa selst í milljónum eintaka um allan heim, en það eru búningarnir sem vekja hvað mest umtal enda eru þeir vægast sagt afar óvenjulegir. Þeir eru ýmist ákaflega skrautlegir, afar ýktir eða beinlínis fáránlegir. Í vor tróð hún t.d. upp á tónleikum í kjól úr þunnum nautakjötssneiðum og skórnir voru sömuleiðis vafðir kjöti.

Lady Gaga, eða Stefani Joanne Angelina Germanotta, fæddist í New York 28. mars 1986 og er af ítölskum ættum. Hún var aðeins fjögurra ára þegar hún byrjaði að læra á píanó og þrettán ára samdi hún sína fyrstu píanóballöðu. Þegar hún var fjórtán ára tróð hún upp á skemmtunum þar sem ungt hæfileikafólk fékk tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Það var því snemma ljóst í hvað stefndi.

Stefani gekk vel í skóla, en þótti ekki falla vel inn í hópinn og segir hún að ýmist hafi verið gert grín að sér fyrir að vera of ögrandi eða of sérvitur. Það kom þó ekki í veg fyrir að hún fengi hlutverk í skólauppsetningum á þekktum söngleikjum, svo sem í *Guys and Dolls*.

Sautján ára settist hún á skólabekk í listaháskóla í New York með tónlist sem aðalfag. Hún hætti hins vegar á öðru ári og lagði af stað út á hina hálu braut atvinnutónlistarmanna. Faðir hennar féllst á að borga leigu fyrir íbúð handa henni í eitt ár, en setti það sem skilyrði að ef það sýndi sig að hún hefði ekki erindi sem erfði þegar árinu lyki, skyldi hún fara aftur í skólann.

Hún vann með ýmsum lagahöfundum og tónlistarmönnum og stofnaði líka hljómsveitina *The Stefani Germanotta Band*. En eftir að hún tók upp



Í vor tróð hún t.d. upp á tónleikum í kjól úr þunnum nautakjötssneiðum og skórnir voru sömuleiðis vafðir kjöti.



LADY GAGA

Stúlkan er orðin vel efnuð eftir að hafa selt milljónir platna um gjörvallan heim og á sjónvarpsstöðinni E news er hún talin koma næst á eftir Opruh í ríkidæmi kvenna árið 2010.

listamannanafnið Lady Gaga, hefur hún ekki viljað nota skírnarnafn sitt aftur. Gaga-nafnið á rætur að rekja til hins þekktu lags hljómsveitarinnar *Queen*, *Radio Ga ga*.

Frumraun Lady Gaga, breiðskífan *The Fame*, kom út árið 2008 og skaut hún henni með hraði upp á stjörnuhimininn, því hún náði fyrsta sæti á vinsældarlistum víða um heim og hlaut söngkonan Grammy-verðlaunin fyrir dansplötu ársins. Í kjölfarið fylgdi tónleikaferðin *The Fame Ball Tour* árið eftir, við misjafnar undirtektir.

Fjöldi laga Lady Gaga hefur náð á topp tíu lista í fjölmörgum löndum, en meðal smáskífa hennar eru t.d. *Just Dance*, *Love Game*, *Paparazzi*, *Bad Romance*, *Telephone*, *Alejandro* og *Poker Face*.

Lagið *Poker Face* segir hún fjalla um tvíkynhneigð sína, sem þó kemur ekki í veg fyrir að hún hafi trúlofast kærastanum, Luc Carl. Þau settu upp hringana og hétu hvort öðru tryggð, böðuð tunglskini á grískri eyju í október síðastliðnum. Þau ætla að gifta sig þegar þegar Lady Gaga finnur glufu í þéttskipaðri dagskrá sinni til að halda stærðarinnar brúðkaup upp á ítalskan máta.

Söngkonan lágvaxna, en hún er aðeins 155 cm á hæð, er samt sem áður þekkt fyrir að vera ákafur talsmaður samkynhneigðra og fyrir að vera stuðningsmaður *Don't ask, don't tell*, sem er heitið á baráttu gegn þeim reglum bandarískra hersins að samkynhneigðir og tvíkynhneigðir megi ekki gegna herþjónustu.

Önnur platan Lady Gaga, *The Fame Monster*, kom út ári á eftir þeirri fyrstu eða 2009. Þar hefur líklega fæðst hugmynd Gaga um að kalla addáendur sína jafnan litlu skrímslin (*little monsters*), sem ku ekki vera að allra skapi.

Síðari tónleikaröð sína kennir söngkonan einnig við skrímsli eða *The Monster Ball*. Hún var einmitt stödd í Búdapest á tónleikaferðinni þegar hin evrópsku tónlistarverðlaun MTV voru afhent í Madrid á

Spáni nú nýverið, en hún vann til þrenna verðlauna á hátíðinni; fyrir popptónlist ársins, besta lag ársins, auk þess sem hún var valin söngkona ársins.

Það má segja að leikkonan Eva Longoria, sem var kynnrir á hátíðinni, hafi slegið Lady Gaga við, íklædd búningi sem leit út eins og svínlæri, þegar hún tilkynnti um verðlaun Lady Gaga. Sú síðarnefnda tók á móti verðlaununum á *skype*, íklædd gegnsæjum gúmmíkjól með hvíta plástra límdu í kross yfir geirvörtunum.

Eins og gefur að skilja er stúlkan orðin vel efnuð eftir að hafa selt milljónir platna um gjörvallan heim og á sjónvarpsstöðinni E news er hún talin koma næst á eftir Opruh í ríkidæmi kvenna árið 2010 og sögd eiga eignir sem nema um sextíu og tveimur milljónum dollara.

Eins og títt er um stjórnurnar í Ameríku, hefur hún ákveðið að ljá nafn sitt ilmvatni, sem kemur á markað árið 2012. Ilmurinn á að túlka eldfíman, ögrandi og kynþokkafullan persónuleika söngkonunnar, en heiti hans hefur enn ekki verið gert kunnert.

Þriðja breiðskífa Lady Gaga, *Born this way*, er væntanleg á næsta ári. Poppstjarnan er líka tilnefnd til fernra verðlauna á *People's Choice Awards* 2011. Geta addáendur hennar farið á heimasíðu hennar, www.ladygaga.com, og greitt henni atkvæði sitt.

Ekki virðist vera erfitt að gleðja eitthvað hnuggna stjórnuna, né virðist hún vera mikil matmanneskja, sé mark takandi á því sem hún skrifaði á *twitter* síðu sína í nóvember:

„Til þess að leita mér huggunar,“ segir hún, „hef ég verið að hugsa um nýjan, frábæran og breyttan heim, þar sem ég kaupí tískublöð í staðinn fyrir hádegismat.“ Og hún endar á að segja við addáendur sína: „Takk, litlu skrímsli.“ **SKÝ**

[RUB23]

RESTAURANTS

FISH - MEAT - SUSHI



Akureyri • Kaupvangsstræti 6 • Phone : 462 2223
www.rub23.is • rub23@rub23.is



Bylting í meðferð geðsjúkra

TEXTI: KRISTINN TÓMASSON

Á undanförunum áratugum hefur meðferð geðveikra tekið stakkaskiptum. Fyrir daga geðlyfja þurftu hundruð Íslendinga að dvelja árum saman á sjúkrahúsi vegna geðsjúkdóma án vonar um bata. Nú eiga flestir einstaklingar sem veikjast með sambærilegum hætti von um gott og farsælt líf.

Á árunum upp úr 1940 var talið að á Íslandi þyrftu að vera meira en 400 sjúkrahús fyrir langtíma geðveika, auk um 60 til 120 rúma fyrir þá sem þyrftu á skammtímavist að halda.

Miðað við mannfjölda nú væru þetta hátt á annað þúsund sjúkrahús. Í raun eru það rétt um 600 sjúklingar sem liggja inni á öllum deildum Landspítala á degi hverjum. Þessi breyting er nánast bylting eða kraftaverk. Skýringin er sú að upp úr 1950 komu lyf á markað sem slá verulega á einkenni þeirra sem eru með geðsjúkdóma. Þetta hefur gert þeim sem áður hefðu séð fram á áralanga dvöl á sjúkrahúsinum kleift að búa sjálfstætt, hjá fjölskyldum sínum eða með stuðningi út í samfélaginu. Margir þessara einstaklinga ganga í dag til almennra starfa, sjálfum sér, fjölskyldu og samfélagi til hagsbóta. Með tilkomu þessara lyfja óx skilningur hraðar en áður á því hvernig hægt væri að glíma við

ýmsa alvarlega geðsjúkdóma, jafnframt því sem lyf hafa orðið betri, m.t.t. þess að slá á einkenni geðsjúkdómsins og samhliða með minni aukaverkunum. Hægt var að útskrifa frá sjúkrahúsi einstaklinga sem áður höfðu dvalið þar langdvölum, flestir vegna geðklofa, alvarlegs þunglyndis eða örlyndissjúkdóms. Þeir fóru á sambýli, einkaheimili eða aftur á eigin heimili.

Fylgifyskur mannkyns

Geðsjúkdómar hafa fylgt mönnum frá fyrstu tíð og þekkjast í öllum samfélögum. Einkenni þeirra eru mörg en í grundvallaratriðum lúta þau að hegðun okkar, atferli, lund, líðan, innsæi, skynjun og dómgreind. Þá eru ýmiss konar líkamleg einkenni tíð, sem og truflun á svefni og matarlyst.

Þeir leggjast á fólk á öllum aldri, allt frá börnum til háaldraðra og á milli fimmtungur og fjórðungur þjóðarinnar getur átt von á því að veikjast á geði á æviskeiðinu. Geðveiki er þannig

meðal algengustu veikinda sem herja á fólk og því skiljanlega eitt af því sem helst veldur forföllum í leik og starfi.

Heilbrigðisyfirvöld hér á landi hafa lengi haft áhyggjur af málaflöknum, en árið 1839 höfðu dönsk heilbrigðisyfirvöld orð á því hve ástand geðheilbrigðismála væri slæmt hér á landi og létu rannsaka það. Niðurstaða þeirrar athugunar sem lauk 1842 var að tiltölulega fleiri væru geðveikir á Íslandi en annars staðar í danska konungsveldinu. Skýringin á þessu var, að mati skýrsluhöfunda, að aðbúnaður og kringumstæður hér á landi væru sérlega slæmar borið saman við aðra staði í Danaveldi á þeim tíma.

Viðhorfsbreyting

Hvort þetta hafi verið rétt eða ekki skal ósagt látið, en rétt er að hafa í huga að framfarir í mæðra- og ungbarnavernd, meðferð smitsjúkdóma, slysavörnum og almönnum forvörnum eru til þess fallnar að draga úr því hve margir veikjast á geði. Nú eru þessir sjúkdómar álíka tíðir á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum. Áhyggj-



Kristinn Tómasson, formaður Geðlæknafélags Íslands, er höfundur greinarinnar.

ur vegna vaxandi tíðni geðsjúkdóma hafa þó skotið upp kollinum öðru hvoru. Þeim sem þiggja örorkubætur af þessu sökum hefur fjölgað mikið hérlandis allt frá 1990. Rannsóknir meðal almennings benda þó til þess, að geðsjúkdómar hafi ekki aukist á þessum tíma. Skýring á þessum mun er væntanlega sú að hluti þeirra sem ekki sótti réttindi sín áður fær bætur í dag.

Fyrir daga geðlyfja þurftu hundruð Íslendinga að dvelja árum saman á sjúkrahúsi vegna geðsjúkdóma án vonar um bata. Nú eiga flestir einstaklingar sem veikjast með sambærilegum hætti von um gott og farsælt líf.

Þessi breyting skiptir miklu máli því að fyrir vikið eru þeir sem fá einkenni geðsjúkdóma frekar en áður tilbúnir að leita læknis og sækja sér stuðning vegna þeirra hjá fjölskyldu, læknum og öðrum í samfélaginu. Þótt enn megi betur gera er góð von til þess að þessi mál séu á réttri leið. Í skólum er lögð áhersla á að vinna gegn einelti og annarri ósæmilegri hegðun og jafnframt tekið á áföllum sem börn og ungmenni lenda í. Barátta gegn notkun tobaks og annarra fíkniefna í skólum er til þess fallin að ala upp kynslóð fólks, sem hefur næmari skilning á mikilvægi góðrar andlegrar heilsu en fyrri kynslóðir. Hin síðari ár hefur þjónusta við börn og foreldra sem hafa náms- og



Komdu við í fjallinu.

Allt til alls á staðnum.

.....jafnvel fundaraðstaða

Skotaðu málið.

Hlíðarfjall
Akureyri

Sími: 462-2280

Hlidarfjall.is



hegðunarerfiðleika farið vaxandi. Nú sinnir skólakerfið börnum sem áður hefðu hætt námi vegna þessa. Þó að auðvitað þurfi að gera betur á þessu sviði eru þessar framfarir stórstígar þegar horft er einvörðungu nokkra áratugi til baka.

Hvaða sjúkdómur?

Geðklofi er án efa meðal alvarlegustu sjúkdóma og hann kemur upp í hugum margra þegar rætt er um geðsjúkdóma. Sjúkdómurinn byrjar oftast á unglingsárum eða yngri fullorðinsárum. Einstaklingurinn fer að draga sig í hlé og verður sinnulaus um vinnu og verkefni. Ranghugmyndir, oft í engum takt við umhverfið, koma fram samhliða því sem raddir eða aðrar ofskynjanir gera vart við sig. Ýmis fleiri einkenni geta fylgt. Ef sjúkdómurinn er ómeðhöndlaður getur hann mallað alla ævi sjúklingsins: Sinnuleysið verður æ meira, en það dregur úr ranghugmyndum og ofskynjunum. Mikil vanlíðan fylgir oft sjúkdómnum, með kvíða og depurð. Þessi sjúkdómsmynd er án efa það sem margir óttast hvað mest. Núorðið er þó hægt að hjálpa stórum hluta þessara einstaklinga til þess að eiga sjálfstætt líf, þrátt fyrir sjúkdóminn. Meðferðin er fólgin í lyfjagjöf, iðjuþjálfun, viðtölum og atferlismeðferð, auk ýmiss konar almenns stuðnings. Ævilöng þolinmæðisvinna sjúklingsins og þeirra sem sinna honum tekur við, en þegar vel tekst til má samþætta inn í daglegt líf, leik og starf.

Örlyndis- eða „maníu-“ sjúklingum var og er á stundum ruglað saman við geðklofasjúklinga vegna ranghugmynda og ofskynjana sem geta fylgt sjúkdómnum. Örlyndið með hröðu tali og hugsunum, oft stórbrotnum, lítilli svefnþörf og mikilli orku samhliða verulegu dómgreindarleysi í orðum og athöfnum kallar á skjót viðbrögð heilbrigðiskerfisins. Þegar kappinu linnir tekur oft við hið svartasta þunglyndi, með lífsleiða, sinnu- og hirðuleysi og mikilli vanlíðan. Líf þessara sjúklinga gjörbreyttist með tilkomu þess að menn áttuðu sig á því að frumefnið lítium gat dregið úr og fækkað geðsveiflum. Með því var hægt að fækka geðsveiflum margra sjúklinga mikið um ævina og draga úr öfgunum. Meðferðin er ævilöng, en langflestir getað gengið til allra starfa þrátt fyrir hana. Mikil nákvæmni þarf að vera í gjöf lítiums og ef það riðlast er hætta á aukaverkunum allnokkur. Þó að lítium sé í dag enn mikilvægt lyf í baráttunni við þennan sjúkdóm eru önnur lyf í dag oft frekar notuð til þess að forðast aukaverkanir og bæta árangur.

Þunglyndis- og kvíðasjúkdómur eru án efa langalgengastir geðsjúkdóma. Á sama

tíma og miklar framfarir hafa orðið í lyfja-, viðtals- og atferlismeðferð hefur þeim fjölgað að sem leita sér meðferðar vegna þessara sjúkdóma. Meðferðin er virkari en áður og aukaverkanir minni, þannig að þeir sem áður gátu lifað með einkennum sínum sjá sér nú hag í að leita aðstoðar, því að von um bata er raunhæf. Sjúklingarnir fá leiðbeiningar um hugsun, atferli og hegðun og eru hvattir til að temja sér heilbrigðan lífsstíl. Þeir sem eru með alvarleg einkenni fá alla jafna lyf, auk viðtala og leiðbeininga. Fyrir

Líf þessara sjúklinga gjörbreyttist með tilkomu þess að menn áttuðu sig á því að frumefnið lítium gat dregið úr og fækkað geðsveiflum.

flesta er meðferðin tímabundin og tekur frá nokkrum mánuðum til eins árs. Fyrir daga nútímameðferðar þýddu þessi veikindi oft langtímaforföll frá leik og starfi, en nú þarf og á það ekki að verða svo. Mikilvægt er að vinnuveitendur, skólástjórnendur og allur almenningur hafi þekkingu á þessu og sýni einstaklingum sem líður illa á vinnustöðum og í skólum umburðarlyndi, þannig að þeir hrökklist ekki frá námi eða vinnu vegna veikinda, sem núorðið eru í langflestum tilvikum tímabundin.

Oft gleymist að tala um áfengissýki og aðra vímuefnamisnotkun þegar fjallað er um geðsjúkdóma. Þetta er alvarlegt því að heilsutjón vegna þessara alvarlegu geðsjúkdóma er mikið fyrir einstaklinga og samfélag. Hér er atferlis- og viðtalsmeðferð helsta ráðið og skiptir miklu að hún hefjist sem fyrst í veikindaferlinu. Því fyrr sem gripidi er inn í, því betri er árangurinn. Slíkum inn-gripum er án efa best sinnt á heilsugæslu eins og á við um meðferð annarra algengustu geðsjúkdóma á fyrstu stigum. Þegar veikindi verða meiri þarf oft sértækari aðgerðir til að draga úr afleiðingum neyslunnar og koma einstaklingnum aftur til betri heilsu.

Ýmsir aðrir geðsjúkdómur eru til en þeir sem hér hefur verið dregið á. Meðferð við þeim mörgum hefur tekið framförum, þótt í öðrum miði hægar. Þegar á heildina er lítið hafa þó horfur þeirra sem verða fyrir því óláni að veikjast á geði batnað mjög mikið á síðustu árum og áratugum. Það má þakka framförum í lyfjameðferð, viðtals- og atferlismeðferð, almennu heilbrigði og betri kjörum. Slíkt er ekki sjálfsagt. Við þurfum að sækja fram fordómalaus til enn bættrar heilsu á sál og líkama. **SKÝ**

Sjúkrasaga

Gunnar er 35 ára gamall maður, vel menntaður rafvirki, fjölskyldumaður með þrjú börn. Hann fór fyrir tveimur árum að finna fyrir vaxandi svefnerfiðleikum og kenndi um álagi í vinnu. Fljótlega hætti hann að stunda fótbolta með félögnum tvisvar í viku vegna þessa álags. Þirringur í garð viðskiptavina óx hjá honum, en hann hafði ekki neina skýringu á því. Vegna þessa þirringis fékk hann hálfgerða sektarkennd og hafði áhyggjur af því að hann væri að gera hlutina illa.

Eftir um þrjá mánuði hafði konan hans á orði að hann væri orðinn áhugalítill um heimilið, börnin og hana. Gunnar taldi það ekki rétt og bar við þreytu. Þegar hún gekk á hann kvaðst hann vera orðinn kvíðinn, en vissi ekki af hverju. Sennilegast fannst honum að óvissa á vinnustað hlyti að valda einhverju. Þau urðu sammála um að leita til heimilislæknisins vegna þessa. Þegar læknirinn spurði hann út í heilsu og líðan þá kom fram að Gunnar hafði misst matarlyst, borðaði meira af skyldu en löngun og hafði lést um 7 kíló á síðustu vikum. Hann kvaðst finna fyrir leiða, en neitaði sjálfsvígshugsunum, þó að hugmyndin um að lífið væri ekki þess

Premur mánuðum seinna var Gunnar orðinn miklu betri og sáttur við sig,

virði að lifa því hefði skotið upp kollinum. Einbeiting var líka orðin léleg og Gunnar var farinn að gleyma ýmsu smávægilegu.

Læknirinn greindi Gunnar með þunglyndi og var meðferðin fólgin í sex viðtölum á þriggja mánaða tímabili, hvatningu um að Gunnar færi aftur að hreyfa sig, auk sem hann fékk þunglyndislyf. Premur mánuðum seinna var Gunnar orðinn miklu betri og sáttur við sig, en sagði reyndar sex mánuðum seinna að núna væri hann orðinn góður. Hann tók þunglyndislyfið í þrjá mánuði í viðbót jafnframt því sem hann hitti lækninn nokkrum sinnum á næstu sex mánuðum. Gunnar missti ekki dag úr starfi vegna veikinda sinna, en eftir á að hyggja taldi hann starfsgetu sína hafa verið allskerta þegar veikindi voru sem mest. Nú er hann fullur af þrótti til leiks og starfs (Nafni sjúklings, starfi og fjölskylduhögum hefur verið breytt í þessari frásögn). **SKÝ**

GLERÁRTORG

10 ára



GLERÁRTORG



VALDAMESTA KONA HEIMS

TEXTI: GÍSLI KRISTJÁNSSON

Það er hægt að nota fjöldann allan af orðatilækjum um Angelu Merkel: Hún er sögð leitast við að sigla milli skers og báru; eða að hún sé eins og milli steins og sleggju; nú eða að hún fari bil beggja – og að stormur birti stýrimennsku.

Austurþýska prestsdóttirin Angela Dorothea Merkel er fyrsta konan sem verður kanslari Þýskalands. Ættarnafn hennar er Kasner

og núna er hún gift síðari manni sínum efnafræðiprófessornum Joachim Sauer. Samkvæmt hefð um eftirnöfn ætti þýski kanslarinn því að heita Angela Sauer.

En Angela hefur haldið nafni æskuástarinnar sinnar. Hún giftist ung árið 1977 Ulrich Merkel, samstúdent sínum í háskólanum í Leipzig. Það var á velmektar-árum Þýska alþýðulýðveldisins – DDR – á meðan Erich Honecker var við völd og

ekki annað sýnt en að skipting Evrópu og Þýskalands myndi standa um alla framtíð. Angela og Ulrich tilheyrðu menntaelítu lýðveldisins. Allt fór þetta á annan veg, bæði með hjónabandið og draumaland alþýðunnar.

Austurþýskur efnafræðingur

Hjónabandið með Ulrich Merkel entist bara í fjögur ár og Angela hóf sambúð með Joachim og giftust honum árið 1982. Bæði þessi hjónabönd eru barnlaus en Angela er stjúpmodir tveggja uppkominnna sona síðari manns síns.

Hún er doktor í eðlisfræði og átti að því er virtist frama fyrir höndum í þeirri grein en varð stjórnmalamaður fyrir röð tilviljana. Eða kannski öllu heldur vegna tiltekinna heimssögulegra atburða.

Angela Merkel er eiginlega Prússi en þó að fjórðungi Pólverji og ólst upp í Austur-Þýskalandi. Þessi saga hennar er jafnflókin og saga Evrópu. Eða eigum við að segja að þetta sé allt ein og sama sagan frá því Angela fæddist í Hamborg 17. júlí árið 1954 og til dagsins í dag.

Fortíðin er vandamál fyrir þýska kanslarann eins og aðra. Fortíðarvandi er alvarlegra vandamál Þjóðverja en flesta aðra. Það er svo mikið gruggugt í sögu Þjóðarinnar og auðvelt að spyrja viðkvæmra spurninga.

Fluttu austur

Angela fæddist sem sagt í Vestur-Þýskalandi eftir að skipting Þýskalands var orðin staðreynd en áður en múrinn lokaði Austur-Þýskalandi af og breytt landshlutanum endanlega í einangrað áhrifasvæði Sovétmanna.

Þessu viku svo við að Horst Kasner, faðir Angelu, var lúterskur prestur og fékk brauð í Austur-Þýskalandi árið sem hún fæddist. Fjölskyldan flutti því sjálfviljug austur og varð að Austur-Þjóðverjum. Þau bjuggu í smábænum Templin, skammt norðan Berlínar.

Móðirin, Herlind, var þar kennari í ensku og latínu og því er haldið fram að fjölskyldan hafi tilheyrt yfirstétt í ríkinu þar sem allir áttu að vera jafnir. Sumir voru jafnari en aðrir.

Vafamál úr fortíðinni

Þó eru engar beinar upplýsingar um náði samband Kasner-fólksins og austur-þýskra yfirvalda. Foreldrar hennar tóku ekki virkan þátt í stjórnmálum og faðirinn var alla sína starfstíð prestur. Valdhöfum í Austur-Þýskalandi var síður en svo hlýtt til kirkjunnar en létu hana þó að mestu í friði.

Og þó er ekki allt á hreinu:

* Fjölskyldan hafði yfir tveimur bílum að ráða en flestir aðrir áttu engan.

* Faðir Angelu tók sjálfur þá ákvörðun að flytja austur þangað sem kommúnistar réðu.

* Börnin áttu greiða leið til ædstu mennta í landinu.

Fjölskyldan var því ekki í augljósri andstöðu við einræðisstjórnina og naut hugsanlega velvilja hennar. Þarna á móti er á það bent að Angela fermdist í kirkju og tók ekki þátt í unglingavígslu kommúnista: Jugendweihe. Ferming í kirkju gekk gegn vilja yfirvalda. Og hún giftist fyrri manni sínum í kirkju.

Milli skers og báru

Kasner-fjölskyldan gerði því ekki allt eins og yfirvöld vildu en var þó ekki meðal stjórnarandstæðinga og andófsfólks í Austur-Þýskalandi. Það væri heppilegra – svona eftir á að hyggja – að hafa verið upp á kant við kommúnista en svo var ekki.

Ef til vill sýnir þetta best að Angela ólst upp einmitt við þetta að sigla milli skers og báru og reyna að gera það besta



í sjálfu sér ekkert merkilegt við að Angela væri þar félagi. Allir stúdentar voru með, að öðrum kosti beið þeirra lítill námsframi.

Hins vegar ber heimildum ekki saman um hversu virk Angela var í þessum samtökum. Hún segist sjálf hafa verið í menningarmálanefnd og rekur ekki minni til að hafa afrekað mikið þar. Angela hefur einkum borið við gleymsku þegar spurt er um stúdentapólitíkina austurþýsku.

Aðrir minnst Angelu sem formanns áróðursnefndar Æskulyðsfylkingarinnar. Aðeins trúir kommúnistar völdust til slíkra ábyrgðastarfa. En hvernig stendur þá á því að hún rétt skreið í gegnum skyldu-próf í kenningum Karls Marx? Efnilegir kommúnistar gerðu það gott á þessu prófi. Var hún ef til vill áhugalaus um kenninguna?

Svolítið á bandi Flokksins

Þó er bent á að Angela tók þátt í sjálfböðavinnu við að byggja stúdentabúðir í Leipzig. Þetta var hugmynd Flokksins og í andstöðu við skólastjórnina, sem reyndi að halda í sjálfstæði og sjálfsforræði skólans sem akademískrar stofnunar. Flokkurinn vildi að stúdentar ynnu verkamannavinnu

„Það var ekki fyrr en í kosningum árið 2005 að Angelu var endanlega treyst fyrir forystunni og hún sigraði.“

úr hlutunum; láta ekki sverfa til stáls. Í Austur-Þýskalandi var þetta örugglega skynsamleg leið fyrir fólk sem vildi komast af, en ekki hetjuleg.

Þegar Horst Kasner ákvað að flytja austur voru bundnar vonir við að þar risi upp draumaríki þótt sá draumur yrði fljótt að martröð. Kasner-fjölskyldan lærði að lifa af eins og margar aðrar fjölskyldur í sömu stöðu. Lífið – það var að lifa af.

Slök í kenningu Karls Marx

Angela var afburðanemandi og lagði stund á eðlisfræði við háskólann í Leipzig frá 1973 og síðar kennilega efnafræði í Berlín. Hún varð á háskólaárunum félagi í Frjálsu æskulyðsfylkingunni, FDJ. Það voru stúdentasamtök kommúnistaflokksins og

með námi. Þarna kom Angela fram sem fylgjandi flokksins.

En enginn man þó til þess að hún hafi sýnt stjórnmálum beinan áhuga á þessum árum. Svo þarna kemur upp sami efnin: Var Angela efnilegur ungmennastúdentur eða flaut hún bara með af því að annað var óskynsamlegt?

Námið í eðlisfræðinni og kennilegu efnafræðinni gekk vel og sýnu betur en lesturinn á kenningu Karls Marx. Öllum prófum lauk hún með láði og varð doktor í fræðunum árið 1988. Eftir það tóku við rannsóknir í greininni í Berlín.

Gjaldprot ríkis og kommúnisma

Á þessum sama tíma urðu einnig tímamót í heimssögunni og á æviferli Angelu. Þýska



„Angela Merkel er eiginlega Prússi en þó að fjórðungi Pólverji og ólst upp í Austur-Þýskalandi.“

alþýðulýðveldið varð gjaldþrota árið 1989 og þá var ljóst að Sovétríkin, sem einnig voru komin að fótum fram, myndu ekki bjarga draumaríki sósíalísmans.

Óánægjan byrjaði um vorið 1989. Erich Honecker, leiðtogi austurþýskra kommúnista, átti um sumarið fund með leiðtogum í Moskvu og fór heim án fyrirheita um hjálp gegn vaxandi óróa en efnahagsþrot yfirvofandi. Fólk var þá þegar farið að flýja úr landi um Ungverjaland og Tékkóslóvakíu.

Ríkiskassinn var tómur, gjaldmiðillinn verðlaus og hagsæld þegnanna áratugum á eftir allsnægtum nágrannanna í vestri. Á sama tíma var fólk farið að eygja vonir um frelsi þegar slaknaði á eftirliti með umræðu. Ríkið hafði ekki lengur ráð á að halda uppi járnaga. Það var í bókstaflegri merkingu gjaldþrota.

Þann 9. nóvember um haustið voru fyrstu hlutar Berlínarmúrsins felldir án þess að her og lögregla hefðust að og austurþýska ríkið hrundi á örskömmum tíma. Sovétríkin gáfu eftir hernámssvæði sitt í Þýskalandi og voru sjálf hrúnin innan tveggja ára.

Tómarúm

Í Austur-Þýskalandi myndaðist tómarúm. Valdsstjórnin var fallin en ríkið þó enn við lýði í tæpt ár. Þann 3. október 1990 var Þýskaland loks sameinað, austur-þýska ríkið lagt niður og fimm fylkjum þess bætt við Sambandslýðveldið Þýskaland.

Í tómarúminu eftir fall múrsins og fyrir sameiningu Þýskalands birtist stjórnmalamaðurinn Angela Merkel í fyrsta sinn. Hún gekk í flokk sem kallaði sig Lýðræðislega vakningu. Flokkurinn var nátengdur kirkjunni, sem hafði þraukað í Austur-Þýskalandi allan valdatíma kommúnista, og prestsdóttirin Angela fylgdi uppruna sínum.

Í fyrstu var óljóst hvort flokkurinn hneigðist til hægri eða vinstri og hver væri afstaða hans til máls malanna: Átti að endurreisa Austur-Þýskaland, og sem nú sem lýðræðisríki, eða

leita sameiningar við Sambandslýðveldið Þýskaland í vestri.

Lýðræðisleg vakning varð hvorki valdamikill né langlífur flokkur. Angela varð fréttafulltrúi flokksins, sem aðeins hlaut 0,9 prósent atkvæða í fyrstu og einu frjálssu kosningunum í Austur-Þýskalandi vorið 1990.

Varð hægrikona

Fljótlega varð og ljóst hvert flokksmenn stefndu: Lýðræðisleg vakning tók upp frjálsslynda hægristefnu og rann inn í flokk Kristilegra demókrata, fyrst í Austur-Þýskalandi og svo í sameinuðu ríki undir forystu Helmut Kohl.

Angela fór í framboð haustið 1990 í sameinuðu ríki og varð þingmaður fyrir Mecklenburg-Pommern, kjördæmi nyrst í hinu gamla Austur-Þýskalandi. Hún var nú orðin þýskur stjórnmalamaður og varð þegar við komu á Sambandsþingið ráðherra. Fyrst yfir barna- og fjölskyldumálum og síðan umhverfis- og kjarnorkumálum í þriðju ríkisstjórn Kohls.

Angela var yngsti ráðherrann í ríkisstjórn, sem annars þótti fremur ellileg og fékk fljótlega viðurnefnið „das Mädchen“ eða Stelpan. Hún var augljóslega í náðinni hjá Kohl kanslara og það styrkti mjög stöðu hennar í flokknum þótt hún kæmi þar inn sem austurþýskur byrjandi 36 ára gömul.

Og nú lék allt í lyndi – á yfirborðinu í það minnsta. Kristilegir demókratar og Kohl kanslari héldu völdum næstu átta árin. Berlín varð á ný höfuðborg og Kohl naut þess að vera maðurinn sem sameinaði Þýskaland.

Öllu sópað undir teppi

En vandamálín grófu um sig. Sameiningin varð meiri í orði en á borði. Enn 20 árum síðar er efast um að nokkur efnahagsleg og menningarleg sameining hafi orðið. Atvinnuleysi jókst og óánægja fólks með þungar byrðar vegna sameiningar.

Ríkisstjórnin kolféll í kosningum 1998 en Angela hélt þó þingsæti sínu. Hún varð nú framkvæmdastjóri flokksins og stýrði skútunni á miklum niðurlægjartímum. Allar kosningar töpuðust með Angelu á skrifstofunni og svo komu upp viðkvæm styrkjamála og spillingarsögur.

Kohl kanslari hafði þegið fé í nafni flokksins og lagt á reikinga í Sviss. Og hann hafði með samstarfi við Mitterrand Frakklandsforseta liðkað fyrir um fjárfestingar franska fyrirtækja í Austur-Þýskalandi, einkum olíufélaganna Elf og Total.

Þetta var angí af frönskum spillingarmálum, sem Eva Joly rannsakaði á sínum tíma, og olli Kohl og Kristilegum demókrötum álitshnekk. Einkavæðingin í Austri var gjörspillt og Kohl hafði selt Sáðfaröbum skriðdreka gegn greiðslu á tilliðkunarfé í flokksjóðinn. Bara djúpur skítur um allan flokkinn.

Erfið leið á toppinn

Angela Merkel sá að í þessari stöðu yrði flokkurinn að gera upp við fortíð sína og hún sneri baki við Helmut Kohl og hans mönnum innan flokks. Kohl hafði útnefnt Wolfgang Schäuble sem eftirmann sinn en hann náði aldrei að snúa vörn í sókn og aldrei ríkti trúnaður milli hans og Angelu.

Í hönd fór tími Gerhards Schröders, leiðtoga Verkamannaflokksins, sem kanslara. Kristilegir lágu í innanflokksdeilum þar sem Angela var í stríði við hinn gamla flokkskjarna. Hún var kjörinn leiðtogi flokksins þegar árið 2000 en varð samt ekki kanslaraefni hans árið 2002. Það kom í hlut Edmunds Stoiber að leiða flokkinn í kosningum en honum mistókst að ná fyrri völdum.

Það var ekki fyrr en í kosningum árið 2005 að Angelu var endanlega treyst fyrir forystunni og hún sigraði. Samt hefur hún aldrei að fullu áunnið sér traust flokksmanna. Á það er bent að hún er kona, mótmælendatrúar norðan úr landi og austurþýsk en flokkurinn eiginlega kaþólskt karlaveldi með ættir sínar og óðöl fyrir sunnan og vestan.

Og Angla á þar að auki ættir að rekja til Póllands. Núna í heimsmeistarakeppninni í fótbolta í sumar kom enn í ljós að fólk að austan er ekki vel séð. Íhaldssömum Þjóðverjum mislíkar meira að segja að landsliðsmenn beri austurevrópsk nöfn.

Á það er líka bent að Angela hefur á ferli sínum hneigst meira og meira í átt til hefðbundinnar frjálshyggju en flokksmenn eru fyrst og fremst íhaldsmenn. Hún

„... besta og þroskaðasta verk höfundar ... framúrskarandi.“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Þetta er Arnaldur eins og hann gerist bestur, jafnvel betri.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

„... merkilegur byggingameistari ...“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

„Fantavel skrifað hjá honum.“

Egill Helgason / Kiljan

„Hér er á ferðinni langbesta bók höfundar ... þvílíkur rússíbani!“


Grímur Atlason / midjan.is

„... einstaklega góð bók ... meistaraverk ...“

Kolbrún Ósk / midjan.is

„... fantagóð saga, listilega fléttuð og stíluð af sjálfsöryggi höfundar sem kann sitt fag, og vel rúmlega það.“

Hrafn Jökullsson / Viðskiptablaðið



VAKA-HELGAPELL
www.forlagid.is



Þó er Angela ekki járnfrú með sama hætti og Margrét. Angela er mildari og lagnari við að leita málemiðlana. Hins vegar eru hugmyndir þeirra um margt líkar, sérstaklega í efnahagsmálum.



beitti sér fyrir umdeildum breytingum á vinnulöggjöfni og undir hennar stjórn hefur efnahagur Þýskalands styrkst þrátt fyrir fjármálakreppu og óáran á alþjóðlegum mörkuðum.

Krafa um forystu í Evrópu

Á því er enginn vafi lengur að Þýskaland er í efnahagslegu tilliti forysturíki Evrópu. Það er hagvöxtur í landinu á sama tíma og bandalagsþjóðir innan Evrópusambandsins búa við samdrátt og niðurskurð og eru að kíkna undan skuldum.

Í þessu liggur mesti vandi Angelu Merkel. Hún verður bæði að vera alþjóðlegur leiðtogi og leiðtogi heimamanna. Hún verður bæði að bjarga nágrönnunum og gæta þess að fara vel með fé heimamanna. Þeir vilja ekki borga skuldir annarra. Þarna reynir á hæfileika kanslarans til að sigla milli skers og báru.

Um leið er uppi krafa um að einhver taki forystuna í Evrópu í kreppunni. Þar er fyrst og fremst horft til Angelu Merkel.

Járnstelpan

Öll árin frá því Angela varð kanslari árið 2005 hefur bandaríska tímaritið Forbes kjörið hana valdamestu konu heims. Sú niðurstaða er ekki umdeild. Engin önnur

kona hefur völd á við Angelu Merkel.

Hins vegar gengur allt í basli í pólitíkinni heima. Hún rétt náði að halda völdum í Sambandsþingkosningunum 2009 og varð að bæta þriðja flokki við samsteypustjórn sína. Og í kosningum fylkisstjórna á þessu ári hefur flest farið miður. Sem stjórnmalakona þykir Angela minna mest á Margéti Thatcher – Járnfrúna bresku. Báðar lögðu stund á efnafræði og báðar eru kenndar við járn. Stundum er Angela kölluð Járnstelpan. Það er algengt að kenna sterka leiðtoga við járn. Otto Bismarck var Járnkanslarinn.

Þó er Angela ekki járnfrú með sama hætti og Margrét. Angela er mildari og lagnari við að leita málemiðlana. Hins vegar eru hugmyndir þeirra um margt líkar, sérstaklega í efnahagsmálum. Angela Merkel er frjálshyggjukona án þess þó að fylgja þar bókstafnum í einu og öllu. **SKÝ**

Frábært afmælistilboð

40 ára





BAUTINN

1971-2011



byrjar 2. jan



CHARLIE SHEEN

Charlie Sheen er ekki aðeins hæst launaða sjónvarpsstjarnan í heiminum, hann er einnig sú Hollywoodstjarna sem oftast kemur sér í meiriháttar vandræði í einkalífnu vegna drykkju, dónpneyslu og ofbeldis og á að baki margar meðferðir sem engan árangur hafa borið

Þegar hæst launaða sjónvarpsstjarnan í heiminum, Charlie Sheen, fannst nakinn, dónpaður og blindfullur á hótellherbergi í New York ásamt klámmyndastjörnu sem hafði læst sig inni á baðherbergi, þá hneyksluðust fáir enda fólk orðið vant því að fá fréttir af villtu líferni Sheens. Atburðirnir í New York er aðeins enn einn kaflinn í langri sögu leikara sem á einkar auðvelt með að koma sér í meiriháttar vandræði án þess að það hafi nokkur áhrif á ferilinn, það er frekar að vinsældir hans aukist með hverju hneykslinu.

Sagt er að Sheen hafi sagt lögreglunni að hann hafi verið á kókaíni í tvo sólarhringa og haldið að klámmyndastjarnan, sem gengur undir nafninu Capri Anderson, hafi stolið frá honum seðlaveski og úri. Þessir atburðir gerðust aðeins rúmum tveimur mánuðum eftir að hann hafi verið dæmdur fyrir að ráðast á eiginkonu sína á jóladag í fyrra. Var hann dæmdur í þrjátíu daga meðferð, þrjátíu daga á skilorði og í 36 tíma reiðimeðferð. Árangurinn af þessum meðferðum var greinilega enginn frekar en fyrri meðferðir sem Sheen hefur sjálfviljugur farið í eða verið dæmdur til að afplána. Má geta þess að í október sl. höfðu öryggisverðir á New York Plaza hótelinu verið kallaðir til þar sem Sheen hafði mölbrotið húsgögn í herbergi sem hann dvaldi í og slasað sjálfan sig. Og þegar þessar línur eru skrifaðar er allt í látum út af atburðinum með klámstjörnunni. Hvort um sig hefur farið í mál, Sheen ákærir Anderson fyrir að hafa ætlað að múta sér og heimtað

Áður hafði hann meðal annars átt í stormasömu sambandi við leikkonuna Kelly Preston, sem nú er eiginkona Johns Travolta. Það samband endaði þegar þegar skot hljóp úr skammbyssu sem Sheen var með, skotið lenti í klósettskál og brot úr skálinni lenti á Preston sem þurfti að leita læknis.


milljón dollara og hún ákærir á móti fyrir líkamsmeiðingar. Til að fullkomna þetta allt saman hefur Sheen sótt um skilnað frá eiginkonu sinni Brooke Mueller og eru flestir hissa á að það skuli ekki vera frekar hún sem sækir um skilnað, en þau hafa ekki búið saman um tíma.

Hvað varðar viðbrögð annarra nú við hegðun Sheens, þá sagði fyrrum Hollywood maddaman Heidi Fleiss, sem Sheen var tíður kúnni hjá, að þetta væri ekki mikið mál fyrir Sheen: „Hann er skotheldur.“ Annað sem gerir það að verkum að almenningur tekur hann upp á arma sína er að persónan sem hann leikur í sjónvarpsseríunni *Two and a Half Men*, Charlie Harper, er sjarmerandi en ábyrgðarlaus flagari sem oftast er ekki með bjórflösku í hendinni og er hlutverkið skrifað sérstaklega fyrir Sheen sem hann svo skilar óaðfinnanlega. Þetta er ímynd hans út á við og þó nokkur æðiskóst fylgi með í einkalífnu þá þykir almenningi það ekkert tiltökumál. Charlie Sheen er Charlie Sheen.

Öll fjölskyldan í leiklistinni

Carlos Irwin Estevez, eins og hann heitir réttu nafni, fæddist 3. september 1965. Yngsti sonur leikarans Martins Sheens, sem breytti nafni sínu úr Esteves í Sheen. Öll systkini hans, Emilio Estevez, Ramon Estevez og Renée Esteves, eru leikarar en móðir þeirra, Janet, er af írsku bergi brotin og er myndlistarmaður. Sheen þótti í menntaskóla efnilegur hafnaboltaleikari og var um sama leyti að gera stuttmyndir á 8 mm myndavél ásamt bróður sínum Emilio og tveimur skólabræðrum, Rob Lowe og Chris Penn. Í gegnum Chris kynntist hann bróður hans, Sean Penn, og ekki leið á löngu þar til þeir voru orðnir djammfélagar og íþróttirnar viku. Eitt af fyrstu axarsköftum sem Sheen gerði í fylleríu var að láta tattóvera á bringuna „Back in 15 minutes“. Skólavistin varð ekki löng, 30% mæting og lélegar einkunnir gerðu útslagið og hann var rekinn.

Charlie Sheen lék sitt fyrsta hlutverk átta ára gamall á móti föður sínum í sjónvarpsmyndinni *The Execution of Private Slovik*. Þegar skólavistin varð síðan ekki lengri sneri hann sér að fullu að kvikmyndaleik og var fyrsta hlutverkið í spennyndinni *Red Dawn*.



Þessa dagana stendur Charlie Sheen í skilnaði við þriðju eiginkonu sína, Brooke Mueller. Myndin er tekin þegar allt lék í lyndi hjá þeim.

En það var stórmynd Olivers Stones, *Platoon*, sem segja má að hafi fest Charlie Sheen í sessi. Fékk hann mjög góða dóma fyrir leik sinn og Oliver Stone valdi hann í hlutverk Buds Fox í *Wall Street*, sem var lærisveinn Gordons Gekko sem Michael Douglas gerði að einni frægustu persónu kvikmyndanna. Oliver Stone íhugaði að láta Charlie Sheen leika aðalhlutverkið í *Born on the Fourth of July* en valdi Tom Cruise. Sagan segir að Sheen hafi orðið brjáláður og kallað Stone öllum illum nöfnum. Ferillinn var þó í jafnvægi og á þessum árum lék hann í nokkrum ágætum kvikmyndum þó að engin þeirra kæmist í hálfkvisti við *Wall Street*.

Meðan allt lék í lyndi í vinnunni var einkalífið ekki jafn slétt og fellt og fjölskylda hans hafði miklar áhyggjur af honum. Strax árið 1990 sendir pabbinn hann í fyrstu meðferðina, án nokkurs árangurs: „Ég hóf drykkju sama dag og ég kom úr meðferðinni og nú stoppaði mig enginn, drakk, tók kókaín og pillur um leið og ég taldi mér trú um að ég væri ekki fikill vegna þess að ég stakk ekki sprautu í handlegginn á mér.“

Þrjá eiginkonu þrjár skilnaðir

Þegar Charlie Sheen var á hátindi ferils síns sem kvikmyndaleikari fékk hann átta milljón dollara fyrir kvikmynd, en það stóð ekki lengi, Hollywood fyrirgefur ekki endalaust og nú fór að halla undan fæti. Drykkjan og dónpneyslan fór að taka sinn toll og kærustur kærðu hann fyrir ofbeldi. Árið 1998 missti hann meðvitund vegna ofneyslu heima hjá sér og var fluttur í ofboði á sjúkrahús þar sem tókst að bjarga honum. Faðir hans kærði hann fyrir að bregðast á skilorði og það aðdáendur hans um að biðja fyrir honum.

Þegar þetta gerðist átti Charlie Sheen eitt hjónaband að baki, með fyrirsætunni Donnu Peele, sem tók ekki vel fréttunum að hann væri einn aðalviðskiptavinur Hollywood-maddömmunnar Heidi Fleiss. Við réttarhöldin yfir Fleiss viðurkenndi Sheen að hafa 27 sinnum átt viðskipti við hana. Áður hafði hann meðal annars átt í stormasömu sambandi við leikkonuna Kelly Preston, sem nú er eiginkona Johns Travolta. Það samband endaði þegar þegar skot hljóp úr skammbyssu sem Sheen var með, skotið lenti í klósettskál og brot úr skálinni lenti á Preston sem þurfti að leita læknis.




Charlie Sheen ásamt föður sínum Martin Sheen í *Hot Shots* (1995). Áður höfðu þeir leikið saman í *Wall Street*.


Næsta eiginkona hans var leikkonan Denise Richards, sem hann giftist 2002. Þremur árum síðar, þegar Richards var ófrísk af öðru barni þeirra, sótti hún um skilnað og bar fyrir sig eiturlyfjanotkun hans og ofbeldishótunum. Þegar atburðirnir gerðust á hótellherberginu í New York var Denise Richards í heimsókn hjá honum með börnin tvö og hafði slúðurpressan þá á orði að þau væru að reyna að bæta sambandið barnanna vegna. Þriðja eiginkona hans er svo fyrrnefnd Brooke Mueller sem hann stendur í skilnaði við.

Ef einhver annar leikari en Charlie Sheen væri með slíka hamfarsögu að baki væri ferillinn búinn og viðkomandi sjálfsgát í ræsinu, en ekki Charlie Sheen. Þegar hvað verst stóð á hjá honum kom sjónvarpið honum til hjálpar og í dag fær hann 150 milljónir króna fyrir hvern þátt í *Two and a Half Men*. Hann þykir svo mikilvægur fyrir seríuna að í hvert sinn sem Sheen gerir eitthvað af sér og er settur í meðferð eða á spítala er tókum frestað.

Þess má svo að lokum geta að þrátt fyrir margar handtökur á Charlie Sheen ekki metið í leikarastéttinni í Hollywood, það met á faðir hans Martin Sheen, stjarnan úr *Apocalypse Now* og sjónvarpsseríunni *The West Wing*, sem 66 sinnum hefur verið handtekinn, en allar þær handtökur eru fyrir mótmæli. Sheen hefur verið einhver harðasti andstæðingur stríðsreksturs og óréttlætis í bandarísku þjóðfélagi og yfirleitt verið fremstur í mótmælaaðgerðum. **SKÝ**



Charlie Sheen í hlutverki Charlie Harpers í hinni vinsælu sjónvarpsseríu, *Two and a Half Men*, sem hefur haldið honum á floti síðustu árin.



TÚRISTINN

Angelina Jolie og Johnny Depp ættu að tryggja að góð aðsókn verði á *The Tourist* sem frumsýnd er í Bandaríkjunum í desember og hér á landi fyrstu vikuna í janúar. Um er að ræða spennumynd sem er endurgerð frönsku kvikmyndarinnar Anthony Zimmer frá árinu 2005.

Myndin fjallar um amerískan túrista, Frank (Johnny Depp), sem er kominn til Evrópu til að lækna sárin sem fyrrverandi kærastan hans hefur skilið eftir. Hann er auðvelt fórnarlamb hinna fögru Elizu (Angelina Jolie) sem er enskur kvennjósnari sem notar Frank til að hjálpa sér við að koma upp um glæpamann sem hún átti eitt sinn í ástarsambandi við. *The Tourist* var að mestu leyti tekin í Feneyjum.

The Tourist var lengi í undirbúningi en allskonar tafir urðu á framkvæmdum, menn fóru frá borði og aðrir komu, sem einnig fóru. Upphaflega átti Lasse Hallström að leikstýra myndinni en hann hrökklaðist frá þegar seinkun varð og fór í önnur verkefni. Þá var afráðið að Tom Cruise myndi leika túristann en seinkunin varð einnig til þess að hann gat ekki leikið í myndinni. Það var ekki fyrir en Angelina Jolie var ráðin í aðalkvenhlutverkið að hlutirnir fóru að gerast og þó ekki. Sam Worthington var ráðinn mótleikari hennar, en honum ásamt leikstjóranum Florian Henckel von Donnersmarck sinnaðist við framleiðendur og hættu. Donnersmarck kom þó til baka og Johnny Depp hljóp í skarðið fyrir Worthington. Í öðrum hlutverkum eru Paul Bettany, Timothy Dalton, Rufus Sewell og Steven Berghoff.

Florian Henckel von Donnersmarck er þýskur leikstjóri sem aðeins hafði leikstýrt einni kvikmynd í fullri lengd, verðlaunamyndinni *The Lives of Others*, sem meðal annars fékk óskarsverðlaunin sem besta erlenda kvikmyndin. Donnersmarck er af aðalsættum og fullu nafni heitir hann Florian Maria Georg Christian, Graf Henckel von Donnersmarck, sem hlýtur að vera lengsta nafn í kvikmyndageiranum. Hann státar ekki aðeins af lengsta nafninu því hann gnæfir yfir aðra í sömu atvinnugrein í orðsins fyllstu merkingu þar sem hann er 2.05 metrar á hæð. Donnersmarck á einnig að baki meiri menntun en flestir því auk þess að vera með próf í kvikmyndafræðum frá háskólanum í München nam hann rússneskar bókmenntir í Leníngrad í tvö ár og er með próf frá Oxford í heimspeki, stjórnmálafræði og hagfræði. Hann talar reiprennandi þýsku, ensku, frönsku, ítölsku og rússnesku. **SKÝ**



Johnny Depp og Angelina Jolie í hlutverkum sínum í *The Tourist*.

GATAN

Það eru fleiri ríkissjónvarpsstöðvar en RÚV sem hafa orðið að skera niður í dagskrárgerð vegna erfiðleika í þjóðfélaginu. Stolt Breta, BBC, hefur beitt niðurskurðarhnífnum undanfarin misseri og meðal þeirra þáttaraða sem hafa lent undir hnífnum er *The Street* sem hefur verið sýnd í þremur þáttaseríum og er hver sería sex þættir. Þessi niðurskurður fór fyrir brjóstið á mörgum þar sem *The Street* er einhver mest verðlaunaða sjónvarpssería sem komið hefur frá BBC og ekki er þar af litlu að taka. Allir eru sammála um að gæðin verði ekki mikið betri í sjónvarpi. Síðasta sería var sýnd á Bretlandseyjum í fyrra. Eftir er að taka hana til sýningar hér á landi en fyrri seríurnar tvær voru sýndar á RÚV 2008 og vöktu mikla athygli. Þeir hljóta nú að naga sig í handarbökin hjá BBC því í nóvember sl. fékk þriðja serían Emmy verðlaunin sem besta alþjóðlega drama-sjónvarpsserían og Bob Hoskins var valinn besti leikarinn.

Fyrstu tvær seríurnar voru áður búnar að fá bresku BAFTA verðlaunin sem besta dramatíska þáttaröðin.

The Street er hugarfóstur handritshöfundarins Jimmy McGovern sem einnig er maðurinn á bak við sjónvarpsseríuna *Crackers* sem þótti einnig mjög vel heppnuð. Þættirnir í *The Street* eru sjálfstæðir en gerast allir við sömu götu og í hverjum þætti er sögð saga af einni fjölskyldu. Persónur sem voru í framlínunni í einum þætti koma kannski fram í einu atriði í þeim næsta og detta svo út í öðrum. Þættirnir eru alls 18 en sá leikari sem hefur oftast komið fram í þeim er Timothy Spall, sem leikið hefur í níu þáttum.

Timothy Spall er mjög góður leikari en það eru fleiri góðir í seríunni því segja má að rjóminn af breskum gæðaleikurum hafi fundið sér hlutverk í seríunni. Þeir leikarar sem hafa komið fram fyrir utan Spall í fleiri en einum þætti eru m.a. Jim Broadbent, Jane Horrocks, Bob Hoskins, David Thewlis, Gina McKee og Anna Friel. **SKÝ**



Nokkrir leikarar sem leikið hafa í *The Street*. Annar frá hægri er Timothy Spall sem leikið hefur í flestum þáttum eða níu talsins.



Gallerý Iceland Review OPNAÐ



Frá opnun ljósmyndasýningarinnar í Gallerý Iceland Review við Borgartún 23. Opið verður fram að jólum.

Tímaritið *Iceland Review* hefur í áratugi verið annálað fyrir fallegar Íslandsmyndir. Í byrjun desember opnuðum við sýningu þar sem hægt er að kaupa glæsilegar myndir eftir ljósmyndara Útgáfufélagsins Heims. Hægt er að velja úr meira en 150 af glæsilegum myndum!

Falleg og glæsileg jólagjöf fyrir einhvern sem þér þykir vænt um.

Þeir sem koma í gallerýið geta keypt hina fallegu gosbók Páls Stefánssonar, *Eruptions 2010*, á aðeins 1.000 krónur. Góð jólagjöf fyrir vini innan lands sem utan.

Gallerýið verður svo opið alla daga nema sunnudaga fram að jólum milli 12 og 18.

**Gallerý Iceland Review, Borgartúni 23, jarðhæð.
Sími: 512-7575**

Ekkert er mikið og ekkert er lítið án samanburðar við annað

Staðreyndir um umhverfisáhrif af völdum flugsamgangna

Flug er ábyrgt fyrir 2% af útblæstri CO2 á heimsvísu. Hlutur allra samgöngutækja í losun koltvísýrings á heimsvísu er 20% og þar af er hlutur vegasamgangna 80% en hlutur flugsins aðeins 12%.

Skv. upplýsingum frá European Regions Airline Association er losun koltvísýrings vegna raforkuframleiðslu til lýsingar þrisvar sinnum meiri á heimsvísu en losun koltvísýrings vegna flugsamgangna.

Í löndum Evrópubandalagsins er hlutur flugsamgangna í losun koltvísýrings aðeins 1,5%. Samsvarandi hlutur vegasamgangna er 52% og til orkunotkunar á heimilum og í fyrirtækjum má rekja 39% af losun koltvísýrings í löndum Evrópubandalagsins.

Þar sem Íslendingar eru svo lánsamir að framleiða nær alla raforku, sem þeir nota, í vatnsaflsvirkjunum og þeir kynda nánast allt húsnæði með jarðvarmaorku og raforku er hlutur flugsamgangna innanlands í heildarlosun koltvísýrings á Íslandi að sjálfsögðu eilítið meiri en samsvarandi hlutur flugsamgangna í Evrópubandalaginu. Samt sem áður leikur enginn vafi á að losun koltvísýrings á hvern einstakling er miklum mun minni þegar flogið er milli staða hér innanlands en þegar sama vegalengd er ekin.

Flugvélakostur Flugfélags Íslands

Fokker 50 er nýjasta gerð tegundar sem áratugareynsla er fengin af hér á landi. Fokker 50 vélarnar eru rúmgóðar, hraðfleygar og sérstaklega hljóðlátar og henta einkar vel til farþegaflutninga.

Dash 8 flugvélin hefur kosti sem óþekktir eru hér á landi. Hún getur farið fullhlaðin af 800 m braut og þolir meiri hliðarvind en sambærilegar flugvélar. Hægt er að breyta vélinni í fraktvél sem ber 4200 kg.



Tæknilegar upplýsingar:

Jafnþrýstiklefi
Áhöfn: **3**
Farþegafjöldi: **50**
Flughæð: **25.000 fet**
Flughraði: **490 km/klst.**
Flugdrægi: **2.100 km**
Flugtaksþyngd: **20.820 kg**
Hreyflar: **2xPW 125B hverfihreyflar, 2.500 hö hvor**
Farangursrými: **7,4 m³ í vöruhólfum og 3 fyrir handfarangur**



Tæknilegar upplýsingar:

Jafnþrýstiklefi
Áhöfn: **3**
Farþegafjöldi: **37**
Flughæð: **25000 ft**
Flughraði: **490 km/klst**
Flugdragi: **1800 km**
Flugtaksþyngd: **16.500 kg**
Hreyflar: **2 x PW 121 A Hverfihreyflar, 2150 hö hvor**
Farangursrými: **8,5 m³ í vöruhólfi og 2 fyrir handfarangur**



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Alltaf hagstæðasta verðið

→ www.flugfelag.is

Svona bókar þú á flugfelag.is

1. Veldu áfangastað og brottfarardag.
2. Veldu fargjald.
3. Þú færð upplýsingar um bókunina og skilmála.
4. Sláðu inn nafn farþega, greiðslumáta og símanúmer.
5. Þú færð endanlegt, prentvænt yfirlit og bókunarnúmer.

Vertu skrefi á undan

Láttu Flugkortið greiða þér leið

Flugkort Flugfélags Íslands er greiðslu- og viðskiptakort sem veitir handhöfum drjúgan afslátt af fargjöldum, gistingu og bílaleigu.


Með Flugkortinu er hægt að greiða fyrir flugfarseðla með Flugfélagi Íslands, hótulgistingu og bílaleigu hjá þeim fyrirtækjum sem eru í samstarfi við Flugkortið.

Upplýsingar um Flugkortið færðu hjá fyrirtækjapjónustu Flugfélags Íslands í síma 570 3606.

flugkort@flugfelag.is



Destinations / Áfangastaðir



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is / Sími 570 3030

Welcome on board

Safety on board

During take-off and landing seat belts must be securely fastened and seats and tables in an upright position. Seat belts must also be used at all times when the seat belt sign above the seats is illuminated. Air Iceland also recommends that passengers use the seat belts at all times when sitting in their seats. Smoking is not permitted in domestic air services and on flights between Iceland and other European destinations. Above the passenger seats in the Fokker 50 and DASH you will find closed overhead compartments for your hand baggage.

Electronic devices in the passenger cabin

All use of mobile telephones and other equipments used to transmit radio signals must be turned off at all times. The use of portable tape recorders, CD players, lap-top computers, video cameras and electronic games is limited to the cruising phase of the flight and forbidden during takeoff and climb as well as descent and landing phases of the flight. Please show consideration for your fellow passengers and only use these devices with earphones and switch off the sound effects of computer games. The use of heart pacemakers, hearing aids and other devices required for medical reasons is of course not restricted.

Service on board

Air Iceland crews will do their utmost to make your flight as pleasant and comfortable as possible. You can call a cabin attendant by using the call button above your seat. On the domestic routes Air Iceland offers complimentary coffee, tea, and bottled water.

Velkomin um borð

Öryggi um borð

Við flugtak og landingu er ætíð skylt að hafa sætisbeltin spennt og sætisbök og borð í uppréttri stöðu. Einnig er skylt að hafa sætisbeltin spennt þegar kveikt er á viðeigandi upplýsingaskiltum fyrir ofan sætin. Mælt er eindregið með því að farþegar hafi sætisbeltin ætíð spennt. Reykingar eru hvorki leyfðar í innanlandsflugi né í flugi milli Íslands og annarra Evrópulanda. Fyrir ofan farþegasætin í Fokker 50 og DASH eru lokaðar hillur fyrir handfarangur.

Rafeindatæki í farþegarými

Áriðandi er að um borð sé alltaf slökkt á farsímum og öðrum rafeindatækjum er senda frá sér útvarpsbylgjur. Notkun ferðasegullbandstækja, geislaspilara, fartölva, sjónvarpsmyndavéla og leiktækja er aðeins leyfð í láréttu farflugi flugvéla og þar með bönnuð í klifurflugi, lækkunarflugi og aðflugi til landingar. Notið þessi tæki aðeins með heyrnartólum. Ætíð skal vera slökkt á hljóðgjafa leiktækja. Notkun hjartagangráða, heyrnartækja og annarra tækja, sem farþegi þarf að notast við af heilsufarsástæðum, er að sjálfsögðu án takmarkana.

Þjónusta um borð

Áhafnir Flugfélags Íslands leggja sig fram um að gera farþegum ferðina sem ánægjulegasta. Með því að ýta á hnapp fyrir ofan sætið getur farþegi kallað á flugfreyju eða flugþjón. Í boði er kaffi, te og ferskt flöskuvatn.




Fáðu þér tryggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S
Extra

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Fjölskyldur þrífast í þorpum og bæjum
með þjóðlegum torgum og nýmóðins græjum.
Í tignum faðmi fjalla liggja.
Firði, dali, strandir byggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



FILIP/STIA

